



SAMÞYKKTIR 74. ÍÞRÓTTAÞINGS ÍSÍ 2019

Í þessi skjali eru samþykktar tillögur frá 74. Íþróttáþingi ÍSÍ sem haldið var í Gullhömrum í Grafarholti dagana 3. til 4. maí 2019.

24 tillögur lágu fyrir þinginu. Var ein þeirra dregin til baka og varð að ályktun með þingskjalanúmer 25. Tillögur 19 og 20 (sem lágu fyrir þinginu) voru sameinaðar í tillögu 19.

Ýmsar lagfæringar voru gerðar á lögum ÍSÍ og lögum ÍSÍ um lyfjamál og má finna þær aftast í þessu skjali. Í flestum tilfellum var um að ræða lagfæringar í tengslum við breytingar á heitum nefnda Lyfjaeftirlits Íslands.

Kjörnir voru 7 aðilar til fjögurra ára í framkvæmdastjórn ÍSÍ auk þess að kosið var í dómstóla ÍSÍ, kjörnefnd ÍSÍ og kosnir skoðunarmenn reikninga. Nöfn þeirra sem hlutu kosningu má einnig finna aftar í þessu skjali.

Þingskjal 1

TILLAGA UM NÝJA HEIÐURSFÉLAGA

74. Íþróttáþing ÍSÍ, haldið dagana 3.- 4. maí 2019 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir að kjósa eftirfarandi einstaklinga heiðursfélaga Íþrotta- og Ólympíusambands Íslands:

- Ari Bergmann Einarsson
- Guðmundur Kr. Jónsson
- Hrafnhildur Guðmundsdóttir
- Kolbeinn Pálsson

Þingskjal 2

TILLAGA UM STOFNUN NÝRRRA SÉRSAMBANDA

74. Íþróttáþing ÍSÍ, haldið dagana 3.- 4. maí 2019 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir að heimila framkvæmdastjórn ÍSÍ að vinna að stofnun sérsambanda um bogfimi og klifur fram að næsta Íþróttáþingi ÍSÍ.





Pingskjal 6

TILLAGA UM STEFNU ÍSÍ UM ÞJÁLFARAMENNTUN

74. Íþróttabing ÍSÍ, haldið dagana 3.- 4. maí 2019 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir eftirfarandi stefnu ÍSÍ um þjálfaramenntun.

STEFNA ÍSÍ UM ÞJÁLFARAMENNTUN

Stefna íþróttahreyfingarinnar er að hafa á að skipa nægilega mörgum menntuðum og hæfum þjálfurum, til að tryggja öllum iðkendum þjálfun við hæfi. Kröfur almennings um innihald og gæði þess starfs sem unnið er í íþróttahreyfingunni fara vaxandi, ekki síst vegna þess að þar fer fram þýðingarmikið uppeldisstarf. Íþróttþjálfarar eru mikilvægir áhrifavaldar í lífi ungs fólks og því er brýnt að þeir afli sér menntunar.

Með hugtakinu þjálfari er hér átt við hvern þann sem skipuleggur og stjórnar íþróttæfingum.

1. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og sambandsaðilar þess stefna að því:
 - að allir þjálfarar sem starfa fyrir íþróttahreyfinguna hafi fullnægjandi og viðeigandi menntun.
 - að tryggja að starfsskilyrði þjálfara séu til fyrirmyndar og að menntun þeirra og þekking sé metin að verðleikum.
 - að auka þekkingu og skilning á mikilvægi góðrar þjálfaramenntunar bæði innan íþróttahreyfingarinnar og á meðal almennings.
2. Til að ná þessum markmiðum stefna ÍSÍ og sambandsaðilar þess að því:
 - að reka fræðslukerfi sem veitir þjálfurum tækifæri til að afla sér viðeigandi menntunar fyrir alla aldurshópa og á öllum getustigum.
 - að fræðslukerfið standist alþjóðlegar kröfur um þjálfaramenntun.
 - að ÍSÍ beri ábyrgð á faglegu innihaldi í almennum þáttum þjálfaramenntunar sem sameiginlegir eru öllum íþróttagreinum, en sérsamböndin hvert um sig beri ábyrgð á faglegu innihaldi í þeim þáttum þjálfaramenntunarinnar sem eru sértækir fyrir viðkomandi íþróttagrein.
 - að endurmat á þjálfaramenntun fari reglulega fram bæði í almennum þætti ÍSÍ og sérgreina þætti sérsambanda.
 - að eiga samstarf við skólakerfið þannig að menntun sem aflað er hjá ÍSÍ sé metin til eininga og með sama hætti sé þjálfaramenntun sem aflað er í skólunum metin hjá ÍSÍ.
 - að þjálfaramenntun íþróttahreyfingarinnar byggi á nýjustu rannsóknarniðurstöðum um þjálfun og samstarf verði haft við fræðasamfélagið.





Þingskjal 7

ÁSKORUN UM JAFNRÉTTISMÁL

74. Íþróttaping ÍSí, haldið dagana 3.- 4. maí 2019 í Gullhömrum í Reykjavík skorar á sambandsaðila ÍSí og íþrótt- og ungmennafélög að vinna áfram ötullega að jafnrétti í öllu íþróttastarfi. Jafnframt hvetur þingið til þess að þingfulltrúar hafi jöfn kynjahlutföll í huga við kjör í stjórnir innan íþróttahreyfingarinnar. Hafa skal til hliðsjónar leiðbeiningar ÍSí og Jafnréttisstofu um gerð jafnréttisáætlana.

Þingskjal 8

ÁSKORUN UM BARÁTTU GEGN ÖLLU OFBELDI

74. Íþróttaping ÍSí, haldið dagana 3.- 4. maí 2019 í Gullhömrum í Reykjavík skorar á alla þá sem koma að starfsemi íþróttahreyfingarinnar í landinu að vinna gegn einelti, kynferðislegri áreitni og öllu ofbeldi í íþróttahreyfingunni sem og í samfélaginu öllu.

Þingskjal 9

ÁSKORUN GEGN RAFRETTUM

Þann 1. mars síðastliðinn tóku í gildi lög nr. 87 frá 25. júní 2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Með setningu laganna er m.a. notkun rafrettna óheimil í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og öðrum menntastofnunum sem og í öðrum húsakynnum sem ætluð eru til dagvistunar og félags-, íþrótt- og tómstundastarfs barna og ungmenna.

Þá er bannað að selja og afhenda börnum rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur og einnig er óheimilt að selja rafrettur eða áfyllingar fyrir þær í skólum og á öðrum stöðum sem ætlaðir eru til félags-, íþrótt- og tómstundastarfs barna og ungmenna og á heilbrigðisstofnunum og öðrum stöðum þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt.

74. Íþróttaping ÍSí, haldið dagana 3.- 4. maí 2019 í Gullhömrum í Reykjavík skorar á íþróttahreyfinguna að fylgja ofangreindum lögum og framfylgja þeim bönnum sem þar koma fram.

Þingskjal 10

ÁSKORUN GEGN HAGRÆÐINGU ÚRSLITA OG LYFJAMISNOTKUN Í ÍÞRÓTTUM

74. Íþróttaping ÍSí, haldið dagana 3.- 4. maí 2019 í Gullhömrum í Reykjavík hvetur sambandsaðila ÍSí og aðildarfélög þeirra að vinna áfram markvisst, í samvinnu við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og aðra viðkomandi aðila, gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum og lyfjamisnotkun í íþróttum.





Þingskjal 11

GISTIADSTAÐA FYRIR ÍPRÓTTAFÓLK AF LANDSBYGGÐINNI – TILLAGA UM STOFNUN STARFSHÓPS

74. Íþróttáþing ÍSÍ haldið 3.- 4. maí 2019 samþykkir að stofna starfshóp sem kortleggja skal möguleika þess að bæta úr brýnni þörf íþróttafólks af landsbyggðinni fyrir hagkvæma og aðgengilega gistingu á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Leita skal samstarfs við UMFÍ um þessa vinnu. Lagt er til að starfshópin skipi tveir fulltrúar frá sérsamböndunum, tveir frá héraðssamböndum og íþróttabandalögunum, einn fulltrúi frá UMFÍ og tveir fulltrúar úr stjórn ÍSÍ og skal annar þeirra gegna formennsku í starfshópnum. Tillögum að úrbótum skal skilað til stjórnar ÍSÍ og þær kynntar sambandsaðilum fyrir næsta þing ÍSÍ en skýrslu um vinnuhópsins skal skila á formannafundum ÍSÍ haustin 2019 og 2020.

Þingskjal 12

ÞINGSÁLYKTUNARTILLAGA UM SKIPULEGA UPPBYGGINGU ÍPRÓTTAMANNVIRKJA Á ÍSLANDI

74. Íþróttáþing ÍSÍ haldið 3.- 4. maí 2019 skorar á sveitarfélög á Íslandi að setja fram langtímaáætlun um uppbyggingu íþróttamannvirkja í samvinnu við þær íþróttagreinar sem stundaðar eru í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Þingskjal 13

ÞINGSÁLYKTUNARTILLAGA UM ÞJÓÐARLEIKVANGA OG AÐSTÖÐU FYRIR LANDSLIÐSFÓLK ÍSLANDS

74. Íþróttáþing ÍSÍ haldið 3.- 4. maí 2019 lýsir yfir þungum áhyggjum af aðstöðuleysi landsliða og afreksíþróttafólks Íslands í flestum íþróttagreinum. Flest sérsambönd innan ÍSÍ vantar varanlega aðstöðu (þjóðarleikvanga) til æfinga og keppni fyrir öll sín landslið og afreksíþróttafólk. Fullyrða má að aðstöðuleysið sé farið að hamla framþróun í afreksstarfi íþróttahreyfingarinnar.

Íþróttáþing óskar eftir því að stjórn Íþrótt- og Ólympíusambandsins (ÍSÍ) sem regnhlífarsamtök hreyfingarinnar hefji tafarlausar viðræður við ríkisvaldið, sveitarfélög og íþróttahéruð um varanlega lausn á aðstöðuleysi afreksíþróttafólks og landsliða okkar sem og að skipaður verði vinnuhópur fyrir 20. maí 2019 um þjóðarleikvanga sem nýst geta sem flestum íþróttagreinum.

Þingskjal 14

STARFSHÓPUR UM RAFLEIKI

74. Íþróttáþing ÍSÍ, haldið 3.- 4. maí 2019, felur framkvæmdastjórn ÍSÍ að skipa starfshóp sem hefði það verkefni að skoða mögulegt samstarf og hugsanlega aðild rafleikja að íþróttahreyfingunni. Starfshópurinn standi fyrir málþingi innan árs og skili skýrslu í síðasta lagi fyrir Formannafund 2020.





Þingskjal 15

SIÐANEFND

74. Íþróttaping ÍSÍ, haldið 3.- 4. maí 2019, felur framkvæmdastjórn Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands að skipa vinnuhóp til að halda áfram endurskoðun siðareglna og hegðunarviðmiða ÍSÍ og koma með tillögur að eftirfylgni þeirra. Vinnuhópurinn skal skila stöðuskýrslu á Formannafundi ÍSÍ 2019 og lokaskýrslu til framkvæmdastjórnar ÍSÍ á Formannafundi 2020.

Þingskjal 16

STUÐNINGUR RÍKIS VIÐ STARF ÍÞRÓTTAHERAÐA

74. Íþróttaping ÍSÍ, haldið 3.- 4. maí 2019, samþykkir að fela framkvæmdastjórn Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands að hafa forystu um að koma á samstarfi við ríkisvaldið um eflingu starfs íþróttahéraða og gera samninga um fjármuni til þess.

Þingskjal 17

VINNUHÓPUR UM REKSTUR ÍÞRÓTTAFÉLAGA

74. Íþróttaping ÍSÍ, haldið 3.- 4. maí 2019, samþykkir að ÍSÍ komi á fót vinnuhópi sem hefur það hlutverk að koma með tillögur að lausnum á helstu áskorunum íþróttafélaga vegna reksturs liða í efstu deildum í boltagreinum. Vinnuhópurinn skal skipaður fulltrúum frá ÍSÍ, KSÍ, KKÍ, HSÍ, BLÍ auk fulltrúa þriggja íþróttahéraða.

Þingskjal 18

ÞINGSÁLYKTUNARTILLAGA – STEFNA OG REGLUR UM ÞÁTTTÖKU TRANS FÓLKS

74. Íþróttaping ÍSÍ haldið 3.- 4. maí 2019 óskar eftir því að Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands setji sér skýra stefnu og reglur um þátttöku trans fólks í íþróttum, í öllum aldursflokkum og á öllum stigum íþróttaiðkunar, og kynni á Formannafundi 2019.

Þingskjal 19

TILLAGA UM SKIPUN NEFNDAR VEGNA STAFRÆNNA UPPLÝSINGAKERFA

74. Íþróttaping ÍSÍ haldið í Gullhömrum, Reykjavík 3.-4. maí 2019 samþykkir að stjórn ÍSÍ í samráði við UMFÍ skipi þriggja manna nefnd utanaðkomandi sérfræðinga sem skoði eftirfarandi þætti sérstaklega:

Hvernig núverandi þörfum hreyfingarinnar til gagnasöfnunar, miðlunar og greiningar má mæta með sem hagkvæmustum hætti. Kannað verði hvort önnur stafræn upplýsingakerfi en Felix geti uppfyllt þessar þarfir.





Sérfræðinefndin kynni niðurstöður sínar til framkvæmdastjórnar ÍSí og UMFÍ og sendir þær til sambandsaðila fyrir Formannafund ÍSí 2019. Stjórnir ÍSí og UMFÍ taki ákvörðun um til hvaða aðgerða verði gripið, í ljósi viðbragða sambandsaðila. Sérstaklega verði horft til ábyrgðar núverandi þróunaraðila á göllum sem fram hafa komið við notkun Felix kerfisins ef ástæða þykir til.

Þingið samþykkir að ekki verði um frekari þróunarvinnu á Felix kerfinu fyrir en sérfræðinefndin hefur lokið störfum.

Þingskjal 21

TILLAGA UM AFREKSSTEFNU ÍSÍ

74. Íþróttþing ÍSí, haldið dagana 3.- 4. maí 2019 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir eftirfarandi stefnuýfirlýsingu Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands í afreksmálum.

AFREKSSTEFNA ÍSÍ

Sameiginlegt markmið íþróttahreyfingarinnar er að Íslendingar eigi hverju sinni afreksfólk og afreksflokka í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu í heiminum. Í því felst að efla hæfni og færni þeirra sem að afreksíþróttastarfinu koma og sem vinna með afreksíþróttafólki, tryggja möguleika afreksíþróttafólks framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum aðstæðum íþróttafólks og efla þjálfarakunnáttu.

Til þess að ná settu marki ber íþróttahreyfingunni að setja sér tímasettar markvissar áætlanir sem tengjast afreksíþróttastarfinu, svo sem um frammistöðu á skilgreindum stórmótum. Íþróttahreyfingin þarf að stuðla að framförum og framþróun í afreksíþróttastarfinu á sem víðtækastan hátt.

Mikilvægt er að tryggja gott aðgengi afreksíþróttafólks að íþróttamannvirkjum og að sérsambönd fái aðgengi að íþróttamannvirkjum vegna æfinga og keppni. Aðstaða til æfinga og keppni skal jafnan uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til afreksíþróttar samkvæmt afreksstefnum sérsambanda ÍSí.

ÍSí skal í samvinnu við sérsambönd ÍSí móta tímasett markmið og aðgerðaáætlanir vegna þeirra og kynna þau fyrir hreyfingunni, sem og framvindu þeirra. Skulu þau markmið vera mælanleg og aðgerðaráætlanir framkvæmanlegar og taka mið af þeim markmiðum og viðfangsefnum sem getið er um í afreksstefnu þessari.

ÍSí skal jafnframt skilgreina alþjóðleg mót í samvinnu við hvert sérsamband ÍSí og tilkynna sambandsaðilum um slíkar skilgreiningar. Alþjóðleg mót skulu jafnan skilgreind í þrjá flokka, A, B og C og skulu eftirfarandi skilgreiningar vera til hliðsjónar.

Vegna flokks A sem jafnframt flokkast sem stórmót: Mót á efsta stigi viðkomandi íþróttagreinar í fullorðinsflokkum enda sé tiltekinn fjöldi þátttökuþjóða í slíkum mótum, s.s. Ólympíuleikar, Paralympics, heimsmeistaramót, Evrópumót eða önnur sambærileg mót. Í öðrum flokkum eru skilgreind mót sem flokkast neðar hvað varðar mikilvægi og stærð hjá hverju sérsambandi fyrir sig.

ÍSí skal á hverjum tíma skilgreina viðmið afreka í samvinnu við hvert sérsamband ÍSí og kynna innan íþróttahreyfingarinnar slík viðmið. Eftirfarandi skilgreiningar skulu vera til hliðsjónar varðandi einstaklinga og flokka, en:

- Um framúrskarandi íþróttafólk eða flokk er þá fyrst að ræða þegar einstaklingur eða flokkur skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum.
- Afreksfólk eru þeir einstaklingar/flokkar sem standast viðmið í viðkomandi íþróttagrein sem skilgreind eru af viðkomandi sérsambandi.





- Afreksefni teljast þeir einstaklingar/flokkar sem ekki hafa náð jafn langt en taldir eru með markvissri þjálfun geta skipað sér á bekk með þeim bestu.

Gæta skal að því að afreksíþróttastarf sérsambanda hefjist ekki of snemma heldur sé það hlutverk íþróttafélaga að vinna með börnum og unglíngum upp að vissum aldri. Viðmiðunaraldur sé unglíngastig grunnskóla, þ.e. að starfsemi sérsambanda nái ekki neðar í aldri. Sérsambönd geta þó haft áhrif á starf íþróttafélaga gagnvart yngri þátttakendum með réttum leiðbeiningum og aðhaldi.

Öll vinna að því að ná settu marki í afreksíþróttum skal eiga sér stað innan siðferðisgilda íþróttahreyfingarinnar.

Stefna ber að því að ástundun afreksíþróttafólks sé hluti af lífsmunstri og það að einstaklingurinn helgi íþróttinni krafta sína komi ekki niður á þroska hans og undirbúningi undir að takast á við lífið að íþróttiferli loknum.

Mikilvægt er að efla aðkomu íþróttahéraða að afreksíþróttastarfinu. Æskilegt er að hvert íþróttahérað skilgreini sínar áherslur og stefnu í afreksíþróttastarfi, eftir því sem við á.

Stefnuýfirlýsing Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands í afreksmálum skal vera til umfjöllunar á Íþróttapeingi ÍSÍ hverju sinni.

Helstu markmið og viðfangsefni í afreksíþróttastarfinu

Aftek er uppskera margra ára markvissrar starfsemi og lítil von er um árangur án faglegra vinnubragða og viðunandi starfsumhverfis íþróttafólksins til að þroska hæfileika sína.

Leiðarljós Afrekisstefnu ÍSÍ er að bæta það umhverfi sem afreksíþróttir búa við. Markmið og viðfangsefni í afreksíþróttastarfinu eru m.a. að:

Markmið/viðfangsefni	Leiðir	Mæling
Hækka afrekstígg íslenskra íþróttara. Fjölga íþróttafólki á efsta getustigi í sem flestum íþróttagreinum. Efla þátttöku sérsambanda ÍSÍ í alþjóðlegum mótum. Fleiri keppendur taki þátt í alþjóðlegum stórmótum á efsta stigi. Íslenskir keppendur nái sem bestum árangri á alþjóðlegum stórmótum.	Styðja við starfsemi sambandsaðila á sem víðtækastan hátt. Sem flest sérsambönd setji sér raunhæfar tímasettar áætlanir til að efla afrekstarf innan sérsambands og íþróttafélaga. Hvert sérsamband móti raunhæfar áætlanir til að efla þátttöku á alþjóðlegum mótum. Sem flest sérsambönd vinni að því að eiga keppendur á alþjóðlegum stórmótum á efsta stigi. Sem flest sérsambönd vinni að því að ná sem bestum árangri á alþjóðlegum stórmótum. Sérsambönd ÍSÍ leiti leiða til að jafna hlut kynja í landsliðsstarfi.	Mat á árangri íslenskra keppenda á alþjóðlegum stórmótum. Fjöldi keppenda á efsta getustigi innan sérsambanda ÍSÍ. Fjöldi aðila í landsliðsverkefnum sérsambanda ÍSÍ. Kynjahlutfall íslenskra keppenda í landsliðsstarfi sérsambanda ÍSÍ.





Markmið/viðfangsefni	Leiðir	Mæling
<p>Beita sér fyrir bættri aðstöðu til æfinga fyrir afreksíþróttir á vettvangi sveitarfélaga, ríkis og einkaaðila.</p> <p>Taka til skoðunar ferlamál fatlaðs afreksíþróttafólks .</p>	<p>Hvert sérsamband ÍSÍ skilgreini þá aðstöðu sem nauðsynleg er fyrir afreksíþróttafólk sem kynnt er fyrir sveitarfélögum, ríki og einkaaðilum.</p> <p>Stuðla að því að sem flest sérsambönd hafi aðgengi að skilgreindum þjóðarleikvangi sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur.</p> <p>Hvetja opinbera- og einkaaðila til að styrkja landsliðsæfingar og/eða afreksæfingar á vegum sérsambanda ÍSÍ.</p> <p>Efla aðgengi afreksíþróttanna að þeim íþróttamannvirkjum sem eru til staðar, jafnt fyrir fatlað sem ófatlað afreksíþróttafólk.</p>	<p>Fjöldi mannvirkja sem uppfylla kröfur sérsambanda ÍSÍ um aðstöðu til æfinga fyrir afreksíþróttir.</p> <p>Fjöldi skilgreindra þjóðarleikvanga á Íslandi.</p> <p>Fjármagn opinberra- og einkaaðila sem fer til æfinga á vegum sérsambanda ÍSÍ.</p> <p>Fjöldi tíma sem úthlutað er til sérsambanda ÍSÍ vegna æfinga.</p> <p>Upplýsingar um bætt aðgengi afreksíþróttafólks að íþróttamannvirkjum.</p>
<p>Stuðla að og miðla niðurstöðum rannsókna á sviði íþrotta- og þjálfunarvísinda til þjálfara, íþróttafólks og annarra er málið varðar.</p> <p>Stuðla að og efla samráð og upplýsingaþjónustu á sviði læknávisinda íþróttanna/íþrottaheilsufræði.</p>	<p>Efla samvinnu við háskólastofnanir og þá aðila sem sinna rannsóknum á Íslandi.</p> <p>Efla samvinnu við fagfélög er tengjast læknávisindum íþrotta.</p> <p>Fjölga þeim fræðsluviðburðum er miðla niðurstöðum rannsókna á sviði íþrotta- og þjálfunarvísinda.</p> <p>Miðla upplýsingum um læknávisindi íþrotta, s.s. á heimasíðu ÍSÍ.</p>	<p>Fjöldi fræðsluviðburða er miðla niðurstöðum rannsókna.</p> <p>Fjöldi fréttu og greina er birtast á miðlum ÍSÍ um læknávisindi íþrotta, miðlun rannsókna og niðurstaðna þeirra.</p>
<p>Veita hvers kyns ráðgjöf og stuðning er getur orðið til að efla afreksíþróttafólk, bæði meðan á keppni þeirra stendur og að loknum keppnisferli.</p>	<p>Efla starfsemi Íþróttamannanefndar ÍSÍ.</p> <p>Efla starfsemi Samtaka íslenskra Ólympíufara (SÍÓ).</p> <p>Efla starfsemi Afreksíþróttamiðstöðvar ÍSÍ.</p>	<p>Fjöldi reglubundinna skoðanakannana meðal afreksíþróttafólks.</p> <p>Fjöldi fræðsluviðburða á vegum SÍÓ og/eða Íþróttamannanefndar ÍSÍ.</p> <p>Fjöldi skráðra mælinga í gagnagrunn Afreksíþróttamiðstöðvar ÍSÍ.</p>





Markmið/viðfangsefni	Leiðir	Mæling
Skapa kjöraðstæður fyrir afreksíþróttafólk innan skólakerfis og á almennum vinnumarkaði til að ná árangri samhliða námi og starfi.	Ná samningum við LÍN um meiri sveigjanleika fyrir afreksíþróttafólk í námi. Stuðla að bættum réttindum afreksíþróttafólks innan hins opinbera kerfis, s.s. rétt til fæðingarorlofs og fjölda viðverudaga erlendis á ári vegna íþróttaviðburða. Stuðla að bættu aðgengi afreksíþróttafólks til fjarnáms á mennta- og háskólastigi. Styðja við þróun afreksíþróttabrauta í framhaldsskólum. Skólar viðurkenni fjarveru afreksíþróttafólks vegna landsliðsverkefna.	Fjöldi afreksíþróttafólks sem er í námi samhliða íþróttaiðkun. Fjöldi afreksíþróttafólks sem getur stundað vinnu samhliða íþróttaiðkun. Upplýsingar um sérúrræði í opinberum regluramma varðandi afreksíþróttafólk. Fjöldi afreksíþróttafólks í viðurkenndu fjarnámi á mennta- og háskólastigi. Fjöldi framhaldsskóla er bjóða upp á afreksíþróttabrautir. Fjöldi skóla sem viðurkenna fjarveru vegna landsliðsverkefna.
Efla þekkingu þjálfara, dómara og annarra sem koma að afreksíþróttastarfi á Íslandi þannig að þeir séu á heimsmælikvarða.	Auka framboð af fræðsluviðburðum sem höfða til þjálfara, dómara og annarra þátttakenda í afreksíþróttastarfinu. Veita styrki til þjálfara, dómara og annarra þátttakenda í afreksíþróttastarfi til að sækja sér framhaldsþekkingu. Sérsambönd ÍSí leiti leiða til að jafna hlut kynja í tengslum við landsliðs- og afreksíþróttastarf.	Fjöldi fræðsluviðburða fyrir þjálfara, dómara og annarra í fremstu röð. Fjöldi styrkja sem veittir eru til þjálfara, dómara og annarra til að vera á heimsmælikvarða í viðkomandi íþróttagrein. Kynjahlutfall þátttakenda í landsliðs- og afreksíþróttastarfi sérsambanda ÍSí.
Veita afreksíþróttafólki/flokkum fjárhagslegan stuðning.	Framlög ríkis, sveitarfélaga og styrktaraðila til afreksstarfs aukist.	Upphæð fjármagns til afreksíþróttanna í reikningum íþróttahreyfingarinnar.

Afreksstefnur sérsambanda

Sérsambönd ÍSí skulu hafa mótaða afreksstefnu sem uppfyllir leiðbeinandi ramma ÍSí fyrir afreksstefnur. Í afreksstefnu sérsambands skal meðal annars fjallað um skilgreiningar á afrekum og flokkun alþjóðlegra móta, kröfur um aðstöðu vegna afreksíþróttanna, kröfur vegna menntunar dómara og þjálfara í afreksíþróttastarfi og skipulags heilbrigðisteymis viðkomandi sérsambands.

Mismunandi kröfur varðandi tímalengd og innihald afreksstefnu skulu gerðar til sérsambanda miðað við afreksstarf sérsambandsins.

Afreksstefnan er leiðin að langtímamarkmiðum viðkomandi íþróttagreinar og tekur á þeim þáttum sem snúa að afreksstarfi í viðkomandi íþróttagreinum. Stefnan ákvarðar þá leið sem sérsambandið og aðilar þess vilja starfa eftir og hvernig nýta á auðlindir sambandsins til að ná settum markmiðum. Með auðlindum er jafnt átt við fjármuni, aðstöðu, búnað og mannauð viðkomandi íþróttagreinar.

Stefnan skal vera til umfjöllunar á sérsambandsþingi eða formannafundi sérsambands hverju sinni og skal borin upp til staðfestingar á sérsambandsþingi.





Sérsamband skal leggja áherslu á að kynna stefnuna fyrir aðildarfélögum og deildum, þjálfurum, iðkendum, aðstandendum íþróttafólksins og öðrum þeim sem stefnan tengist.

Afreksstefna sérsambands skal vera aðgengileg á heimasíðu viðkomandi sérsambands.

Afreks- og Ólympíusvið ÍSí skal gefa út ramma fyrir afreksstefnur og leiðbeiningar vegna mótunar afreksstefna sérsambanda og kynna fyrir sambandsaðilum.

Stoðþjónusta afreksíþróttar

Heilbrigðisteymi ÍSí er samnefni heilbrigðisteyma sérsambanda ÍSí, en í heilbrigðisteymi eru þeir aðilar sem koma að heilbrigðisþáttum og íþróttamælingum viðkomandi íþróttagreinar, s.s. læknar, sjúkraþjálfarar, sálfræðingar, næringafræðingar, lífeðlisfræðingar, íþróttufræðingar og aðrir fagaðilar tengdir sérsamböndum ÍSí, heilbrigðiskerfinu og menntastofnunum.

Efla þarf aðgengi afreksíþróttafólks að þessum aðilum og öðru sérhæfðu fagfólki sem getur aðstoðað afreksíþróttafólk við að bæta árangur sinn og forðast óæskilegt álag og meiðsli. Jafnframt er mikilvægt að heilbrigðisteymin komi að fræðsluverkefnum fyrir sérsamböndin.

Afreksíþróttamiðstöð ÍSí er vettvangur íþróttamælinga og þjónustu við sérsambönd ÍSí og afreksíþróttafólk. Í gegnum miðstöðina skal lögð áhersla á að auka íþróttamælingar í tengslum við afreksíþróttastarf og stuðla að bættum árangri og að fyrirbyggja meiðsli í tengslum við afreksíþróttir.

Afrekssjóður ÍSí

Um Afrekssjóð ÍSí gildir sérstök reglugerð er framkvæmdastjórn ÍSí setur. Við skipan í stjórn sjóðsins skal gætt að því að hlutfall kynja sé sem jafnast. Upplýsingar um styrkveitingar skulu birtar á heimasíðu ÍSí, en auk þess skal árlega gefin út ársskýrsla Afrekssjóðs ÍSí þar sem upplýsingar um styrkveitingar koma fram sem og áherslur ársins.

Meginhlutverk Afrekssjóðs ÍSí í uppbyggingu afreksíþróttar á Íslandi er að styðja sérsambönd fjárhagslega og þar með íslenskt afreksíþróttafólk við að ná árangri í alþjóðlegri keppni. Forsenda styrkveitinga er að sérsambönd hafi markvissa og raunhæfa afreksstefnu, ásamt aðgerðaráætlun. Stuðningur sjóðsins felst í fjárframlögum vegna verkefna sem skulu vera fyrirfram skilgreind í aðgerðaráætlun viðkomandi sérsambands.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSí mótar þær áherslur sem liggja að baki styrkveitingum og hvernig ráðstöfunarfé sjóðsins skuli nýtt til einstakra þátta. Er þar átt við þætti sem fjallað er um í Afreksstefnu ÍSí sem og öðrum þáttum eins og þátttöku í alþjóðlegri keppni og æfingabúðum, vegna ráðningar íþróttastjóra/landsliðsþjálfara, til að bæta umhverfi og aðstöðu afreksíþróttafólks, vegna heilbrigðisteymis og mælinga og til verkefna er tengjast hæfileikamótun.

Sérsambönd ÍSí skulu flokkuð í afreksflokka út frá viðmiðum sem framkvæmdastjórn ÍSí setur.

Styrkveitingar innan hvers flokks fyrir sig þurfa ekki að vera þær sömu á milli sérsambanda og ráðast af matskenndri ákvörðun stjórnar Afrekssjóðs ÍSí vegna umfangs afreksstarfs og verkefna sem koma fram í aðgerðaráætlun og umsókn viðkomandi sérsambands.

Eingöngu sérsambönd innan ÍSí eiga rétt á að sækja um styrk til sjóðsins. Þannig verður Afrekssjóður ÍSí sérsamböndum til aðstoðar við að efla og bæta afreksíþróttastarf sitt.

Reglugerð Afrekssjóðs ÍSí skal taka mið af Afreksstefnu ÍSí og þeim viðmiðum í afreksstarfi sem framkvæmdastjórn ÍSí hefur skilgreint í samvinnu við sérsambönd ÍSí.

Sameiginleg ábyrgð

Íþróttahreyfingin verður öll að axla sameiginlega ábyrgð á því að framfylgja afreksstefnu ÍSí og skiptir þá öllu að ríkur metnaður til starfsins sé fyrir hendi jafnt hjá ÍSí, sérsamböndum, íþróttahéruðum og félögum, sem og afreksíþróttafólkinu sjálfu.





Pingskjal 22

TILLAGA UM FJÁRHAGSÁÆTLUN 2017-2018

74. Íþróttaping ÍSÍ, haldið dagana 3.- 4. maí 2019 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir eftirfarandi fjárhagsáætlun fyrir árin 2019-2020:

REKSTRARTEKJUR	2019	2020
1 Framlag ríkissjóðs til rekstrar	161.000.000	173.000.000
2 Íslensk getsþá	31.000.000	31.000.000
3 Ósóttir vinningar	5.000.000	5.000.000
4 Íslenskar getraunir	5.600.000	5.600.000
5 Styrkir frá IOC og EOC	81.400.000	71.000.000
6 Hlutur sérsambanda og aðrar tekjur vegna leika	45.800.000	44.000.000
7 Styrkir Ólympíufjölskyldu ÍSÍ	22.100.000	23.600.000
8 Tekjur vegna verkefna fagsviða	43.000.000	45.000.000
9 Húsaleigutekjur	26.300.000	27.500.000
10 Tekjur vegna félaga- og upplýsingakerfis íþr.hreyf.	5.200.000	5.400.000
11 Aðrar tekjur	1.000.000	1.000.000
	427.400.000	432.100.000

REKSTRARGJÖLD	2019	2020
12 Skrifstofukostnaður	139.400.000	152.600.000
13 Funda- og ferðakostnaður	9.700.000	9.700.000
14 Fagsvið, nefndir og verkefni	57.200.000	52.800.000
15 Afreks- og Ólympíusvið, rekstur og verkefni	67.800.000	57.300.000
16 Íþróttaleg samskipti	88.300.000	87.600.000
17 Íþróttaping og formannafundur	9.000.000	1.500.000
18 Íþróttamiðstöðin í Laugardal	40.300.000	41.700.000
19 Lyfjaeftirlit	1.000.000	1.000.000
20 Félag- og upplýsingakerfi íþróttahreyfingarinnar	17.450.000	18.000.000
21 Annar kostnaður	6.500.000	5.800.000
	436.650.000	428.000.000
22 Fjármagnstekjur og (fjármagnsgjöld)	3.650.000	3.650.000
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	(5.600.000)	7.750.000





Pingskjal 23

TILLAGA UM SKIPTINGU Á AUKAFRAMLAGI FRÁ ÍSLENSKRI GETSPÁ

74. Íþróttabing ÍSÍ, haldið dagana 3.- 4. maí 2019 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir að auka arðgreiðsla frá Íslenskri getspá 2018 að upphæð kr. 56.004.000,- skiptist sem hér segir:

Greiðsla til sambandsaðila skv. úthlutunarreglum ÍSÍ vegna lottó 40% eða kr. 22.401.600.-

Greiðsla í Viðhalds- og byggingarsjóð ÍSÍ 60% eða kr. 33.602.400.-

Jafnframt er framkvæmdastjórn ÍSÍ hvött til að framkvæma úttekt á þörf á skrifstofuaðstöðu sambandsaðila.

Pingskjal 24

TILLAGA UM BREYTINGAR Á SKIPTINGU TEKNA FRÁ ÍSLENSKRI GETSPÁ

74. Íþróttabing ÍSÍ, haldið dagana 3.- 4. maí 2019 í Gullhömrum í Reykjavík, samþykkir að fela framkvæmdastjórn ÍSÍ að skipa nefnd í samstarfi við sambandsaðila og UMFÍ um endurskoðun á regluverki skiptingar tekna frá Íslenskri getspá. Nefndin á að hafa lokið störfum fyrir 75. Íþróttabing ÍSÍ.

Pingskjal 25

ÁLYKTUN UM AUGLÝSINGU EFTIR FRAMBOÐUM

74. Íþróttabing ÍSÍ, haldið í Gullhömrum í Reykjavík 3.- 4. maí 2019, felur framkvæmdastjórn ÍSÍ að setja eftirfarandi ákvæði í starfsreglur framkvæmdastjórnar er varðar stjórnarkjör og störf kjörnefndar:

Eigi síðar en sex vikum fyrir Íþróttabing skal kjörnefnd auglýsa eftir framboðum til stjórnar ÍSÍ. Fyrir þann tíma skulu þeir einstaklingar sem er að ljúka sínu kjörtímabili tilkynna kjörnefnd hvort þeir gefi kost á sér áfram. Þær upplýsingar skal kjörnefnd senda út með umræddri auglýsingu.

KOSNING TIL FRAMKVÆMDASTJÓRNAR ÍSÍ

Kosið var um sjö sæti til fjögurra ára. Eftirtaldir aðilar hlutu kosningu (í stafrófsröð):

- Ása Ólafsdóttir
- Gunnar Bragason
- Hafsteinn Pálsson
- Ingi Þór Ágústsson
- Knútur G. Hauksson
- Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir
- Olga Bjarnadóttir





AÐRAR KOSNINGAR Á 74. ÍÞRÓTTAÞINGI ÍSÍ

Skoðunarmenn reikninga:

- Sigríður Ármannsdóttir
- Hörður Þorsteinsson

Til vara:

- Jón Þorkelsson
- Halla María Helgadóttir

Dómstóll ÍSÍ:

- Gunnar Guðmundsson
- Björg Ásta Þórðardóttir
- Halldór Frímannsson
- Hilmar Gunnlaugsson
- Ólafur Björnsson
- Sigurður Ingi Halldórsson

Áfrýjunardómstóll ÍSÍ:

- Björgvin Þorsteinsson
- Gestur Jónsson
- Helga Melkorka Óttarsdóttir
- Helgi Sigurðsson
- Hulda Árnadóttir
- Karl Gauti Hjaltason

Kjörnefnd ÍSÍ:

- Jón Ásgeir Eyjólfsson, formaður
- Elísabet Ólafsdóttir
- Guðríður Aadnegard
- Guðrún Inga Sívertsen
- Frímann Ari Ferdinandsson

Til vara:

- Hjörný Snorradóttir
- Einar Haraldsson





Þingskjal 3

TILLAGA UM BREYTINGAR Á LÖGUM ÍSÍ

74. Íþróttabing ÍSÍ, haldið dagana 3.- 4. maí 2019 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir eftirfarandi tillögur um breytingar á lögum ÍSÍ:

Breytingar á grein 1.6 - Innsláttarvilla lagfærð og greinin verður:

- 1.6. Í samræmi við tilgang sinn og markmið sem landssamband heitir ÍSÍ því að leggja lið aðgerðum í þágu friðar og vinna að því að efla stöðu kvenna í íþróttum og íþróttamálum á grundvelli jafnréttis. Einnig heitir ÍSÍ því að styðja og efla virðingu siðareglna í íþróttum, að berjast gegn lyfjamisnotkun, hagræðingu úrslita í íþróttum og að sýna ábyrgu umhyggju gagnvart málefnum á sviði umhverfisverndar, er á reynir í sambandi við iðkun íþróttar.

Breyting á grein 3 - Bætt er við orðinu íþróttabandalög og greinin verður:

3. grein Héraðssambönd/íþróttabandalög – Sérsambönd

- 3.1. Héraðssambönd/íþróttabandalög eru mynduð eftir legu og aðstöðu til samvinnu um iðkun íþróttar.
- 3.2. Sérsambönd eru mynduð um ákveðnar íþróttagreinar og eru landsamtök allra Héraðssambanda/íþróttabandalaga, sbr. kafla 6, sem hafa iðkun þeirrar íþróttagreinar á stefnuskrá sinni.

Breyting á grein 5.2 - Liður 5.b. fellur út og verður að nýrri grein 1.7. Þá er töluliður lagfærður í samræmi við aðrar greinar í lögum ÍSÍ þannig að greinin verður:

5. grein

Starfsskilyrði í íþróttahreyfingunni

- 5.a) Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsíðoma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar. Þetta gildir bæði um þá einstaklinga sem starfa sem sjálfboðaliðar og launþegar.

Grein 1.7 kemur ný inn í stað greinar 5.b og greinin verður:

1.7

Aðilar sem falla undir lög þessi skulu setja sér reglur sem leggja bann við veðmálum þeirra sem taka þátt í leikjum, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin leiki eða eigin mót. Þá skulu reglurnar leggja bann við því að heimilt sé að veita upplýsingar um íþróttir í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál og fela í sér fjárhagslegan ávinning.

Breyting á grein 5.2.d) - Bætt er við orðinu íþróttabandalags í lok setningar og greinin verður:



- d) Lög félagsins gangi hvorki í berhögg við lög og reglur ÍSí né hlutaðeigandi héraðssambands/íþróttabandalags og hafi hlotið staðfestingu þeirra. Allar síðari lagabreytingar skulu staðfestar af stjórn hlutaðeigandi héraðssambands/íþróttabandalags og framkvæmdastjórn ÍSí.
-

Grein 8.1 - Greinin er lagfærð í samræmi við það fyrirkomulag sem tíðkast við skil á starfsskýrslum og verður:

8. grein Skýrslur

- 8.1. Fyrir 15. apríl árlega skulu sambandsaðilar ÍSí skila starfsskýrslu síðasta árs, sem meðal annars inniheldur féлага- og iðkendatal síðasta starfsárs í gegnum félagakerfi íþróttahreyfingarinnar sem ÍSí leggur til. Aðili, sem ekki skilar skýrslum í tæka tíð missir rétt til þátttöku í Íþróttáþingi, svo og í opinberum íþróttamótum þar til skýrslum hefur verið skilað eða samið við framkvæmdastjórn um stuttan frest til þess. Við beitingu þessarar greinar skal leitast við að refsingu sé beitt gagnvart þeim aðila, deild, félagi eða sambandi sem ábyrgð bera á því að skýrslu er ekki skilað.
-

Breyting á 9. grein - Orðinu aðalfundi er breytt í ársþing og greinin verður:

9. grein Úrsögn sambandsaðila

- 9.1. Sambandsaðili sem segir sig úr ÍSí, telst ganga úr sambandinu frá upphafi næsta reikningsárs. Úrsögn er því aðeins gild, að hún hafi verið samþykkt með 4/5 hluta atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa á lögmaetu ársþingi viðkomandi sambandsaðila.
-

Breyting á grein 12.2 - Í miðjum texta er lagfærð innsláttarvilla á einu orði og verður:

Hvert héraðssamband/íþróttabandalag skal kjósa jafnmarga varamenn og nemur fulltrúatölu þess.

Breyting á grein 12.3 - Bætt við ákvæði um atkvæðisrétt og einnig er bætt við fulltrúum íþróttamannanefndar og greinin verður:

- 12.3. Á Íþróttáþingi skulu þessir fulltrúar einnig eiga sæti með atkvæðisrétt:

Fulltrúar Alþjóðaólympíunefndarinnar á Íslandi, ef um er að ræða. Fulltrúi, sem kjörinn er til setu í nefndinni á grundvelli þess, að hann eigi ríkisfang og búsetu eða aðalbækistöð sína á Íslandi, skal einnig eiga sæti í framkvæmdastjórn ÍSí, sbr. gr. 17.1.

Kjörinn fulltrúi í Alþjóðaólympíunefndinni, heiðursfélagi hennar eða félagi, sem nefndin hefur heiðrað með aðild, má ekki eiga sæti á Íþróttáþingi eða í framkvæmdastjórn ÍSí, hafi honum verið vísað úr nefndinni.

Tveir fulltrúar Íþróttamannanefndar ÍSí.

Breyting á grein 12.7. - Evrópuleikar og Heimsstrandaleikar ANOC koma inn og greinin verður:





12.7. Við afgreiðslu á málum er tengjast Ólympíuleikum, Ólympíuleikum ungmenna, Smáþjóðaleikum, Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar, Evrópuleikum, Heimsstrandarleikum ANOC og Ólympíusamhjálpinni gilda aðeins atkvæði ólympísku sérsambandanna, enda hafi meirihluti ólympískra sérsambanda samþykkt það. Komi slík krafa fram skulu ólympísku sérsamböndin greiða um það atkvæði áður en mál er tekið til afgreiðslu.

Við atkvæðagreiðslur hefur.... (greinin helst annars óbreytt).

Breyting á grein 13 - Kjör heiðursfélaga kemur nýtt inn, sem og staðfesting á fulltrúa íþróttamannanefndar í framkvæmdastjórn ÍSÍ og greinin verður:

13. grein Dagskrá Íþróttapings

13.1. Dagskrá Íþróttapings skal vera eftirfarandi:

1. Forseti setur þing.
2. Kjörnir 1. og 2. þingforseti.
3. Kjörnir 1. og 2. þingritari.
4. Kosning 5 manna kjörbréfanefndar.
5. Kjör Heiðursfélaga ÍSÍ
6. Ávörp gesta.

...(áframhaldandi breytingar á tölulíðum)...

20. Kosningar:

- a) Framkvæmdastjórn sbr. 17. gr.
- b) Staðfesting fulltrúa Íþróttamannanefndar ÍSÍ í framkvæmdastjórn, sbr. grein 17.1. c-lið.
- c) Tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
- d) Sex dómara í dómstól ÍSÍ og sex dómara í áfrýjunardómstól ÍSÍ.
- e) Kjörnefnd 5 manna og tveir til vara, sbr. grein 11.5.

Allar kosningar gilda fram að kosningu á næsta Íþróttapingi að undanskilinni kosningu til framkvæmdastjórnar er gildir til fjögurra ára. Þær skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal.

20. Þingslit.

Breyting á grein 14.6 - Orðinu aukaiþróttaping breytt í aukaping og greining verður:

14.6. Að öðru leyti gilda um aukaping sömu ákvæði og um reglulegt íþróttaping.

Breyting á greinum 17.1.c. og 17.1.d - Texta um fulltrúa íþróttamannanefndar er breytt og fyrirkomulagi varðandi varaforseta þannig að greinarnar verða:

- c) Einn meðstjórnandi er tilnefndur af Íþróttamannanefnd ÍSÍ, skv. Reglugerð ÍSÍ um Íþróttamannanefnd ÍSÍ og samþykktur af Íþróttapingi ÍSÍ.
- d) Stjórnin kys 1. varaforseta, 2. varaforseta og gjaldkera úr sínum hópi. Falli forseti frá eða hættir á kjörtímabilinu tekur 1. varaforseti sæti hans fram að næsta Íþróttapingi. Sé forsetakjör ekki





á dagskrá þess þings skal þrátt fyrir það kjörinn nýr forseti til tveggja ára. Hætti meðstjórnandi störfum eða falli hann frá skal kosinn meðstjórnandi í hans stað á næsta Íþróttþingi og skal kjörtímabil hans vera það sama og þess sem hann kemur í stað.

Breyting á grein 17.2 - Í samræmi við breytingar á grein 17.1.d. breytist skipan framkvæmdaráðs og verður:

17.2. Framkvæmdastjórnin heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Milli funda annast framkvæmdaráð, þar sem sitja forseti, 1. varaforseti, 2. varaforseti og gjaldkeri um erindi sem berast framkvæmdastjórn og afgreiðslu þeirra. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur sambandsins samkvæmt erindisbréfi þar um. Forseti boðar til funda í framkvæmdastjórn. Komi til atkvæðagreiðslu á fundi framkvæmdastjórnar og atkvæði falla jöfn, þá skal atkvæði forseta ráða úrslitum.

Breyting á grein 17.4 - Orðið fundargerðir breytist í þinggerðir og greinin verður:

17.4. Þinggerðir Íþróttþings, er lúta að kosningu til framkvæmdastjórnar, skulu sendar Alþjóðaólympíunefndinni í endurriti, sem forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ staðfesta fyrir þess hönd. Breytingar á skipan framkvæmdastjórnar á kjörtímabili hennar skulu tilkynntar með hliðstæðum hætti.

Breyting á grein 19.1 - Lagfærð er skilgreining á kjörtímabili (þ.e. áður var vitnað í að það væri það sama og kjörtímabil framkvæmdastjórnarm en nú er það fjögur ár) og þá er breytt ákvæðum um íþróttamannanefnd þannig að greinin verður:

19.1. Í upphafi starfstíma síns skipar framkvæmdastjórn fastanefndir og ráð stoðsviða ÍSÍ. Stoðsvið ÍSÍ eru þrjú; Afreks- og Ólympíusvið, Þróunar- og fræðslusvið og Almenningsíþróttasvið. Kjörtímabil þeirra er til tveggja ára, nema annað sé sérstaklega ákveðið. Stoðsvið ÍSÍ skulu m.a. hafa yfirumsjón með viðkomandi málaflokkum, vera framkvæmdastjórn til ráðuneytis og sjá um verkefni þeim tengdum.

Þær fastanefndir sem skipa skal eru: Stjórn Afrekssjóðs, Heilbrigðisráð, Fjármálaráð, Laganefnd, Heiðursráð, Upplýsinga- og fjölmiðlanefnd og Alþjóðanefnd.

Að auki telst Íþróttamannanefnd ÍSÍ til fastanefnda en í hana er valið samkvæmt Reglugerð ÍSÍ um Íþróttamannanefnd ÍSÍ.

Aðrar nefndir eru skipaðar eftir því sem tilefni gefst til að mati framkvæmdastjórnar.

Breyting á grein 23 Skipan dómsins - Greinar 23.1 og 23.2 eru sameinaðar og töluröð breytist í samræmi við það og verður:

23. grein Skipan dómsins.

23.1. Dómarar dómstóls ÍSÍ skulu vera sex, kosnir á reglulegu Íþróttþingi til setu í dómnum til næsta reglulega þings.

...(Töluröð annara liða breytist til samræmis, en jafnframt var samþykkt leiðrétting á grein 23.5 varðandi tilvísun í grein 43.)..





- 23.5. Í málum sem varða meint brot á 43. gr. laga ÍSÍ og þegar fram koma varnir af hálfu kærða ber dómara að kalla til tvo meðdómara í dóminn og skal a.m.k. annar þeirra hafa lokið háskólaprófi í læknisfræði eða öðrum lífvísindum. Nú telur dómari þörf á meðdómurum, þrátt fyrir að varnir hafi ekki komið fram, og er honum þá einnig heimilt, í samráði við formann dómsins, að kalla til tvo meðdómara. Meðdómarar þurfa ekki að vera löglærðir.
-

Breyting á grein 24.1 - Greininni er breytt í samræmi við nýtt skipulag Lyfjæftirlits Íslands og verður:

- 24.1. Kærufrestur til dómstóls ÍSÍ er ein vika frá því að atvik það, sem kært er bar við eða ástandi lauk ef um ástandsbrot er að ræða séu ekki skemmri frestir ákveðnir í lögum viðkomandi sérsambands. Í málum er varða brot á 43. grein laga ÍSÍ skal kærufrestur þó vera fjórar vikur frá því að öll gögn málsins berast ákæruneftnd Lyfjæftirlits Íslands.
-

Breyting á grein 30.2 - Í texta var héraðssamband/íþróttabandalag bætt við og greinin verður:

- 30.2. Sérsambönd, héraðssambönd/íþróttabandalög og félög geta höfðað mál vegna allra atriða er varða viðkomandi sérsamband, héraðssamband/íþróttabandalag eða félag.
-

Breyting á grein 30.4 - Í texta var tilvísun í grein lagfærð og greinin verður:

- 30.4. Lyfjæftirlit Íslands getur höfðað mál vegna brota á 43. grein.
-

Breyting á grein 31 - Greinar 31.1. og 31.2 voru sameinaðar og greinin verður:

- 31.1. Í áfrýjunardómstól ÍSÍ skulu eiga sæti sex dómarar kosnir af reglulegu Íþróttáþingi til setu í dómnum til næsta reglulega þings.

...(Töluröð 31.3 breytist jafnframt í 31.2)...

Breyting á grein 33.5 - Lyfjaráð breytist í ákæruneftnd og greinin verður:

- 33.5. Eftirtaldir aðilar hafa áfrýjunarrétt í málum er varða brot á 2. gr. í lögum ÍSÍ um lyfjamál af hálfu íþróttamanns er tilgreindur er í gr. 1.2.1.1 og gr. 1.2.1.2 í Lögum ÍSÍ um lyfjamál a) eða b):

- a) hinn ákærði
- b) ákæruneftnd Lyfjæftirlits Íslands
- c) Alþjóða Lyfjæftirlitsstofnunin World Anti-Doping Agency, WADA
- d) viðkomandi alþjóðlegt sérsamband

Ef ákærði var á afrekslista alþjóðlegs sérsambands er brotið var framið hafa eftirtaldir einnig áfrýjunarrétt:

- a) annar framkvæmdaraðili lyfjæftirlits, sem hefði getað farið fram á refsingu yfir ákærða samkvæmt eigin reglum
 - b) Alþjóðaólympíunefndin eða eftir atvikum Alþjóðaólympíunefnd fatlaðra
-





Breyting á grein 35.1, liður 3 - Áhugamannareglur ÍSÍ eru felldar út og greinin verður:

3. Brot gegn áhugamannareglum sérsambanda ÍSÍ.
-

Breyting á grein 36.1 - Í texta var héraðssamböndum/íþróttabandalögum bætt við og greinin verður:

- 36.1. Dómstólar ÍSÍ geta í dómsorði auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur til aðila málsins:
- a) Dæmt mót ógild og eftir atvikum dæmt að mót skuli endurtekið.
 - b) Dæmt leiki ógilda, látið endurtaka þá eða dæmt um úrslit þeirra.
 - c) Ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum, héraðssamböndum/íþróttabandalögum og sérsamböndum en ekki einstaklingum. Dagsektir renni til ÍSÍ.
 - d) Ákveðið sektir á félög, héraðssambönd/íþróttabandalög og sérsambönd.
 - e) Málskostnað, ef málsgrundvöllur telst vera tilefnislaus.
-

Breyting á grein 36.3 - Lagfærð tilvísun í grein 36.2.c lið á tveimur stöðum í samræmi við aðrar tilvísanir og verður:

- 36.3. Ef verulegar líkur eru til að ætla að íþróttamaður verði úrskurðaður óhlutgengur skv. grein 36.2. c-lið og brýna nauðsyn ber til, er dómstól ÍSÍ heimilt að úrskurða um bráðabirgðabann við þátttöku hans í æfingum, keppnum og sýningum á vegum sambandsaðila ÍSÍ eða félaga eða deilda innan þeirra og við því að hann gegni trúnaðarstörfum innan íþróttahreyfingarinnar, enda hafi komið fram rökstudd krafa um það frá aðila sem kærur rétt hefur skv. 30. gr. Meðferð slíkra mála skal vera skv. 28. gr. Bráðabirgðabannið tekur gildi frá þeim tíma sem íþróttamaðurinn er tilkynnt um það. Hafi ekki verið ákært og dæmt í málinu þegar fjórar vikur eru liðnar frá þeim tíma, skal dómstóll ÍSÍ taka ákvörðun um hvort bráðabirgðabannið verður framlengt eða fellt úr gildi. Heildarlengd bráðabirgðabanns má þó aldrei verða meiri en lengd þess refsitíma sem ætla má að lokadómur í hverju máli kveði á um. Útgáfa, framlenging eða niðurfelling bráðabirgðabanns skal tilkynnt skriflega íþróttamaðurinn, félagi hans og sérsambandi því er hann heyrir undir, með sannanlegum hætti. Hafi íþróttamaður verið úrskurðaður í bráðabirgðabann áður en hann er dæmdur til refsingar skv. gr. 36.2.c-lið skal lengd þess koma til frádráttar þeim refsitíma sem lokadómur í málinu kveður á um.
-

Breyting á grein 39.1 - Orðinu íþróttasamtakanna breytt í íþróttahreyfingarinnar í samræmi við aðrar greinar í lögum ÍSÍ og greinin verður:

- 39.1. Íþróttapingi er heimilt með minnst 2/3 greiddra atkvæða að fella niður refsingu eða veita dæmdum aðila full réttindi að nýju innan íþróttahreyfingarinnar.
-

Breyting á grein 42.1 - Bætt við töluliði 42.1 í samræmi við aðra tölusetningu í lögum ÍSÍ þannig að greinin verður:

42. grein

- 42.1 ÍSÍ veitir Lyfjæftirliti Íslands umboð til að skipuleggja og framkvæma eftirlit með lyfjamisnotkun íþróttamanna, ásamt því að fara með ákærvald í málum er varða brot á Lögum ÍSÍ um lyfjamál.
-





Breyting á grein 43.1 - Bætt við töluliði 43.1 í samræmi við aðra tölusetningu í lögum ÍSÍ þannig að greinin verður:

43. grein

- 43.1 Lagaákvæði um lyfjamál sem eru byggð eru á Alþjóðalyfjareglunum (World Anti Doping Code), sem gefnar eru út af Alþjóðalyfjaeftirlitinu (World Anti Doping Agency, WADA) eru sett með sér lögum, Lögum ÍSÍ um lyfjamál.

Breyting á grein 44.2.f - Bætt við ákvæði um skil á lögum aðildarfélaga og greinin verður:

44.2. Hlutverk héraðssambanda/íþróttabandalaga er:

- f) Að staðfesta lög/lagabreytingar aðildarfélaga og halda utan um staðfest lög félaga og skila yfirliti til ÍSÍ yfir lög aðildarfélaga í lok hvers árs.

Breyting á grein 51.1 - Bætt við töluliði 51.1 í samræmi við aðra tölusetningu í lögum ÍSÍ þannig að greinin verður:

51. grein

- 51.1 Sérráði er stjórnað af sérráðsstjórn, sem skipuð er af stjórn viðkomandi héraðssambands/íþróttabandalags eða eftir annarri aðferð sem kveðið er á um í starfsreglum viðkomandi sérráðs.

Breyting á grein 52.1 - Bætt við töluliði 52.1 í samræmi við aðra tölusetningu í lögum ÍSÍ þannig að greinin verður:

52. grein

- 52.1 Almenningsíþróttasvið í umboði framkvæmdastjórnar ÍSÍ er æðsti aðili varðandi almenningsíþróttir. Skal sviðið leggja áherslu á að efla þennan þátt í starfsemi íþróttahreyfingarinnar, bæði með verkefnum á sínum vegum en einnig skulu sambandsaðilar ÍSÍ sinna þessum þætti eftir föngum.

Þá voru felld niður ákvæði til bráðabirgða sem sett voru í lög ÍSÍ á 73. Íþróttþingi ÍSÍ 2017 og áttu við breytingar á lögum ÍSÍ í tengslum við stofnun Lyfjaeftirlits Íslands.

Þingskjal 4

TILLAGA UM BREYTINGAR Á LÖGUM ÍSÍ UM LYFJAMÁL (LÍ)

74. Íþróttþingi ÍSÍ, haldið dagana 3.- 4. maí 2019 í Gullhömrum í Reykjavík samþykkir eftirfarandi tillögur um breytingar á lögum ÍSÍ um lyfjamál:

Í inngangi að lögnum er fjallað um Lyfjareglurnar og er gerð breyting á heitum nefnda Lí og vísan í grein 20.7.10 í Alþjóðalyfjareglunum en ekki lyfjalögum. Verður textinn:





Lyfjareglurnar

Lyfjaeftirlit Íslands er þannig upp sett að mennta- og menningarmálaráðuneytið ásamt Íþrótt- og Ólympíusambandinu skipar í stjórn Lyfjaeftirlits Íslands. Stjórn Lyfjaeftirlits Íslands skipar í lyfjaeftirlitsnefnd Lyfjaeftirlits Íslands, hér eftir lyfjaeftirlitsnefnd LÍ, undanþágunefnd Lyfjaeftirlits Íslands, hér eftir undanþágunefnd LÍ og ákærunefnd Lyfjaeftirlits Íslands, hér eftir ákærunefnd LÍ, sem hvort um sig sinnir ákveðnum hlutum tengdum lyfjaeftirlitsmálaflokknum. Saman nefnast nefndirnar tvær hér eftir Lyfjaeftirlit Íslands. Markmið þess er að vera sjálfstætt lyfjaeftirlit Íslands og hefur Lyfjaeftirlit Íslandsið vald og ábyrgð á eftirfarandi:

- Skipulag, samræming, framkvæmd, eftirlit og kynning á bættu lyfjaeftirliti;
- Samvinna með öðrum landssamböndum, stofnunum og öðrum lyfjaeftirlitum;
- Hvatning til gagnkvæmra lyfjaprófa lyfjaeftirlita;
- Skipuleggja, framkvæma og fylgjast með upplýsingum um lyfjamisnotkun, forvarnar- og fræðsluefni;
- Efling á rannsóknum á lyfjamisnotkun;
- Rannsaka eftir föngum öll möguleg brot á lyfjareglunum innan síns umdæmis, þar á meðal að rannsaka hvort aðstoðarfólk íþróttamanns eða aðrir aðilar kunni að tengjast hverju tilfelli, og tryggja rétta fullnustu viðurlaga;
- Framkvæma sjálfkrafa rannsókn á aðstoðarfólki íþróttamanns innan sinnar lögsögu ef um er að ræða brot ólögráða aðila á lyfjareglunum og á aðstoðarfólki íþróttamanns sem hefur aðstoðað fleiri en einn íþróttamann sem brotið hefur lyfjareglur;
- Full samvinna við Alþjóðalyfjaeftirlitið (WADA) í tengslum við rannsóknir WADA samkvæmt grein 20.7.10 í Alþjóðalyfjareglunum/lyfjalögum; og
- Ef um fjárveitingar er að ræða skal halda eftir hluta eða öllu fé til íþróttamanns eða aðstoðarfólks íþróttamanns meðan hann/hún afplánar keppnisbann vegna brots á lyfjareglum.

Í grein 1.4. þar sem fjallað er um Íþróttamenn á landsstigi eru gerðar breytingar á skilgreiningum og verður greinin:

1.4 Íþróttamenn á landsstigi

1.4.1 Af þeim íþróttamönnum sem heyra undir grein 1.3, skulu eftirtaldir íþróttamenn teljast vera á landsstigi hvað varðar þessar lyfjareglur:

1.4.1.1 Allir íþróttamenn sem eru í skráðum lyfjaprófunarhóp Lyfjaeftirlits Íslands.

1.4.1.2 Íþróttamenn sem falla undir skilgreiningu Lyfjaeftirlits Íslands um íþróttamenn á landsstigi. Lyfjaeftirlit Íslands skilgreinir íþróttamenn á landsstigi og birtir á heimasíðu lyfjaeftirlitsins. Ef einhverjir slíkir íþróttamenn eru flokkaðir af alþjóðasamböndum sem íþróttamenn á alþjóðastigi þá teljast þeir vera á alþjóðastigi (en ekki landsstigi) varðandi þessar lyfjareglur.

1.4.2 Lög þessi gilda um alla aðila sem falla undir grein 1.3.

Í grein 3.2 er gerð breyting í tengslum við vísan í ákærunefnd LÍ en ekki lyfjaráð LÍ og tekur greinin breytingum á þremur stöðum, þ.e. í grein 3.2.2, 3.2.3 og 3.2.5:





3.2.2 Rannsóknarstofur vottaðar af WADA og aðrar rannsóknarstofur sem WADA hefur samþykkt teljast hafa greint sýnið og varðveitt það í samræmi við Alþjóðlegan staðal um rannsóknarstofur. Íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur getur véfengt þessa niðurstöðu með því að staðfesta að vikið hafi verið frá Alþjóðlegum staðli um rannsóknarstofur sem gæti hafa valdið röngum niðurstöðum greiningar.

Ef íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur sýnir fram á að vikið hafi verið frá Alþjóðlegum staðli um rannsóknarstofur sem gæti hafa valdið röngum greiningarniðurstöðum, skal ákærunefnd LÍ sýna fram á að viðkomandi frávík hafi ekki til þess að óeðlilegar niðurstöður greindust.

3.2.3 Frávík frá alþjóðlegum viðmiðum eða öðrum lyfjareglum eða stefnu sem sett er fram í Alþjóðalyfjareglunum eða lögum þessum, sem leiddu ekki til óeðlilegra greiningarniðurstaðna eða annarar lyfjamisnotkunar, skulu ekki ógilda slík gögn eða niðurstöður.

Ef íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur sýnir fram á að frávík frá alþjóðlegum viðmiðum eða öðrum lyfjareglum, sem gætu með réttu hafa valdið broti á lögnum á grundvelli óeðlilegra niðurstaðna eða að önnur lyfjamisnotkun hafi átt sér stað, þá ber ákærunefnd LÍ að sýna fram á að viðkomandi frávík hafi ekki haft áhrif á niðurstöðurnar eða þá staðreynd að brot á reglum um lyfjamisnotkun hafi átt sér stað.

3.2.5 Neiti íþróttamaður eða annar einstaklingur sem talinn er hafa brotið lyfjareglur að gefa skýrslu eða mæta fyrir Dómstól ÍSÍ þrátt fyrir að hafa verið boðaður með hæfilegum fyrirvara (annað hvort í eigin persónu eða gegnum síma að fyrirmælum dómstólsins) til að svara spurningum Dómstóls ÍSÍ eða ákærunefndar LÍ, getur það leitt til þess að hann telst hafa brotið gegn lögum þessum.

Í grein 4.2.1 er einnig gerð breyting í tengslum við vísan í ákærunefnd LÍ en ekki lyfjaráð LÍ:

4.2.1 Bönnuð efni og aðferðir.

Ef annað er ekki tekið fram í bannlistanum og/eða breytingu á honum, skal bannlistinn með áorðnum breytingum taka gildi samkvæmt þessum lögum þremur mánuðum eftir birtingu hans af hálfu Alþjóðalyfjaeftirlitsins án frekari aðgerða af hálfu ákærunefndar LÍ. Bannlistinn gildir fyrir alla íþróttamenn og aðra einstaklinga, sem og allar breytingar á honum frá gildisdegi hans, án frekari formsatriða. Íþróttamönnum og öðrum aðilum er skylt að kynna sér nýjustu útgáfu bannlistans og allar breytingar á honum.

Í grein 4.4 er einnig gerðar margar breytingar í tengslum við vísan í nefndir LÍ auk þess sem að ein innsláttarvilla er lagfærð. Eiga þessar breytingar eingöngu við eftirfarandi greinar, en aðrar haldast óbreyttar:

4.4.1 Tilvist bannaðs efnis eða niðurbrotsefna þess eða annarra lífvísa (grein 2.1), Notkun eða tilraun til notkunar á bönnuðu efni eða aðferð (grein 2.2), varsla á bönnuðum efnum og aðferðum (grein 2.6) eða gjöf eða tilraun til gjafar á bönnuðu efni eða aðferð (grein 2.8) í samræmi við ákvæði um gildandi undanþágu um notkun í lækningaskyni sem er veitt samkvæmt Alþjóðareglum um notkun í lækningaskyni telst ekki brot á reglum um lyfjamisnotkun.





- 4.4.2 Allir íþróttamenn á landsstigi sem þurfa að nota bannað efni eða bannaða aðferð í lækningaskyni þurfa að sækja um undanþágu til undanþágunefndar LÍ um leið og þörf krefur, nema Lyfjæftirlitið hafi tekið annað fram á vefsíðu sinni, og í öllum tilvikum (nema neyðartilvikum eða sérstökum tilvikum eða þar sem grein 4.3 í alþjóðlegum reglum um undanþágu í lækningaskyni gildir) minnst 30 dögum fyrir næstu keppni íþróttamannsins, með eyðublaði á vefsíðu Lyfjæftirlitsins. Lyfjæftirlitið skipar nefnd til að fara yfir umsóknir um veitingu eða viðurkenningu á undanþágu („Undanþágunefndin“). Undanþágunefndin metur án tafa og úrskurðar um umsóknina samkvæmt gildandi ákvæðum alþjóðlegra regla um undanþágu í lækningaskyni og samkvæmt reglum Lyfjæftirlitsins sem birtar eru á vefsíðu þess. Ákvörðun nefndarinnar er endanlegur úrskurður Lyfjæftirlitsins og ber að tilkynna hana WADA og öðrum lyfjæftirlitum gegnum ADAMS og einnig landssambandi íþróttamannsins, samkvæmt alþjóðlegum reglum um undanþágu í lækningaskyni.
- 4.4.3 Ef Lyfjæftirlit Íslands ákveður að prófa íþróttamann sem er ekki á alþjóðastigi eða landsstigi, skal Lyfjæftirlit Íslands heimila íþróttamanninum að sækja um afturvirka undanþágu vegna bannaðs efnis eða bannaðrar aðferðar sem hann/hún notar í lækningaskyni.
- 4.4.4 Undanþága sem Lyfjæftirlit Íslands veitir á landsstigi gildir ekki sjálfkrafa í alþjóðlegri keppni. Íþróttamaður sem er eða verður íþróttamaður á alþjóðastigi skal gera eftirfarandi:
- 4.4.4.1 Hafi íþróttamaður þegar fengið undanþágu hjá undanþágunefnd LÍ vegna viðkomandi efnis eða aðferðar, getur íþróttamaðurinn farið þess á leit við alþjóðasamband sitt að viðurkenna þessa undanþágu samkvæmt grein 7 í alþjóðlegum reglum um undanþágu í lækningaskyni. Ef viðkomandi undanþága uppfyllir skilyrði þeirra ber alþjóðasambandinu að viðurkenna hana einnig fyrir alþjóðakeppni. Ef alþjóðasambandið telur að undanþága veitt af undanþágunefnd LÍ uppfylli ekki téð skilyrði og neitar að viðurkenna hana, ber alþjóðasambandinu að tilkynna viðkomandi íþróttamanni á alþjóðastigi og undanþágunefnd LÍ það tafarlaust með rökstuðningi. Íþróttamaður á alþjóðastigi og undanþágunefnd LÍ hafa 21 dag frá slíkri tilkynningu til að vísa málinu til skoðunar hjá WADA. Ef því er vísað til WADA samkvæmt grein 4.4.6, þá gildir veitt undanþága frá undanþágunefnd LÍ fyrir landskeppni og prófanir utan keppni (en ekki í alþjóðlegri keppni) meðan beðið er úrskurðar WADA. Ef málinu er ekki vísað til WADA verður undanþágan ógild þegar 21 dags fresturinn rennur út.
- 4.4.4.2 Ef íþróttamaðurinn á ekki þegar undanþágu frá undanþágunefnd LÍ vegna viðkomandi efnis eða aðferðar, verður íþróttamaðurinn að sækja beint um undanþágu til alþjóðasambandsins samkvæmt ferlinu sem lýst er í alþjóðareglum um undanþágu í lækningaskyni. Ef alþjóðasambandið samþykkir umsókn íþróttamannsins ber því að tilkynna íþróttamanninum og Lyfjæftirliti Íslands um það. Ef undanþágunefnd LÍ telur að undanþága sem alþjóðasambandið veitir uppfylli ekki skilyrði í alþjóðareglum um undanþágu í lækningaskyni, hefur það 21 dag til að vísa málinu til skoðunar hjá WADA. Ef undanþágunefnd LÍ vísar málinu til skoðunar hjá WADA, gildir undanþága alþjóðasambandsins fyrir lyfjapróf í alþjóðlegum keppnum og utan keppni (en ekki í landskeppnum) meðan beðið er úrskurðar WADA. Ef undanþágunefnd LÍ vísar málinu ekki til WADA til skoðunar gildir þessi undanþága einnig í landskeppnum að loknum 21 dags umþóttunartímanum.
- 4.4.6.1 Ef undanþágunefnd LÍ hafnar umsókn um undanþágu, getur íþróttamaðurinn áfrýjað til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ sem kveðið er á um í greinum 13.2.2 og 13.2.3.





- 4.4.6.2 WADA ber að skoða alla úrskurði alþjóðasambands um að viðurkenna ekki undanþágu sem undanþágunefnd LÍ veitir sem er vísað til WADA af hálfu íþróttamannsins eða undanþágunefndar. Að auki ber WADA að skoða allar ákvarðanir alþjóðasambands um veitingu undanþága sem undanþágunefnd LÍ vísar til WADA. WADA er heimilt að skoða allar aðrar ákvarðanir um undanþágur hvenær sem er, bæði að beiðni viðkomandi eða að eigin frumkvæði. Ef viðkomandi undanþáguúrskurður uppfyllir skilyrði alþjóðaregla um undanþágur í lækningaskyni, hefur WADA ekki afskipti af honum. Ef viðkomandi undanþáguúrskurður uppfyllir ekki skilyrðin, snýr WADA honum við.
- 4.4.6.3 Íþróttamaðurinn og/eða Lyfjæftirlit Íslands getur áfrýjað undanþágu-úrskurði af hálfu alþjóðasambands (eða Lyfjæftirlits Íslands, hafi það samþykkt að fara yfir umsóknina fyrir hönd alþjóðasambandsins), sem ekki er skoðaður af WADA eða ekki viðsnúið við skoðun, beint til CAS, samkvæmt grein 13.
- 4.4.6.4 Ákvörðun WADA um að snúa við undanþágu-úrskurði getur íþróttamaðurinn, Lyfjæftirlit Íslands og/eða viðkomandi alþjóðasamband áfrýjað beint til CAS samkvæmt grein 13.

Í greinum 5.1.1, 5.1.3, 5.2.2 og 5.2.4 eru einnig gerðar breytingar í tengslum við vísan í nefndir LÍ, en aðrar greinar haldast óbreyttar:

- 5.1.1 Lyfjapróf skulu gerð til að afla greiningargagna varðandi fylgni íþróttamanns (eða brot) við strangt bann laganna varðandi tilvist/notkun á bönnuðu efni eða bannaðri aðferð. Áætlun um dreifingu lyfjaprófa, lyfjaprófun, aðgerðir eftir lyfjapróf og öll tengd starfsemi Lyfjæftirlits Íslands skal vera í samræmi við alþjóðlegar reglur um lyfjapróf og rannsóknir. Lyfjæftirlitsnefnd LÍ ákveður fjölda prófa á verðlaunasætum, slembipróf og afmörkuð próf samkvæmt forsendum alþjóðlegra laga um lyfjapróf og rannsóknir. Öll ákvæði alþjóðlegra laga um lyfjapróf og rannsóknir gilda sjálfkrafa varðandi slík próf.
- 5.1.3 Lyfjæftirlit Íslands hefur heimild til að afla, meta og vinna úr upplýsingum um lyfjamisnotkun frá öllum tiltækum heimildum, upplýsa um þróun skilvirkrar, yfirvegaðrar og hófsamrar áætlunar um dreifingu prófa, skipulagt markviss próf og/eða skapað grundvöll rannsóknar á mögulegu broti eða brotum á lyfjareglum.
- 5.2.2 Lyfjæftirlit Íslands getur krafist sérhvern íþróttamann sem heyrir undir prófunarvald þess (þar á meðal íþróttamann í keppnisbanni) um sýni hvenær og hvar sem er.
- 5.2.4 Ef alþjóðasamband eða mótshaldari framselja eða útvista einhverjum hluta lyfjaprófa til Lyfjæftirlits Íslands (beint eða gegnum sérsamband) er lyfjæftirlitsnefnd LÍ heimilt að taka viðbótarsýni eða fela rannsóknarstofunni að framkvæma viðbótargreiningar á sinn kostnað. Ef viðbótarsýni eru tekin eða viðbótargreiningar gerðar ber að tilkynna það alþjóðasambandinu eða mótshaldaranum.
- 5.2.5 Ef annað lyfjæftirlit með prófunarvald yfir íþróttamanni sem heyrir undir þessi lög framkvæmir lyfjapróf á íþróttamanninum, ber Lyfjæftirliti Íslands og sérsambandi íþróttamannsins að viðurkenna slíkt próf í samræmi við grein 15 og (í samráði við hitt lyfjæftirlitið eða með öðrum hætti samkvæmt grein 7 í lyfjalögunum) getur ákærunefnd LÍ hafið mál gegn íþróttamanninum samkvæmt lögnum vegna brots á lyfjareglum sem uppgötvast við slíkt lyfjapróf.





Í greinum 7.1 til 7.12 eru einnig gerðar breytingar í tengslum við vísan í nefndir LÍ. Hér á eftir eru þær greinar sem taka breytingum en aðrar greinar haldast óbreyttar:

7.1.1 Ákærunefnd LÍ ber ábyrgð á meðferð niðurstaðna varðandi íþróttamenn og aðra einstaklinga sem lúta lyfjaeftirlitsvaldi þess samkvæmt meginreglum greinar 7 í Alþjóðalyfjareglunum.

7.2 Endurskoðun á afbrigðilegum niðurstöðum prófa að frumkvæði ákærunefndar LÍ

Meðferð niðurstaðna lyfjaprófa að frumkvæði ákærunefndar LÍ skal vera sem hér segir:

7.2.1 Niðurstöður allra greininga skulu sendar Lyfjaeftirliti Íslands í dulkóðuðu formi, í skýrslu sem undirrituð er af fulltrúa rannsóknarstofunnar. Öll samskipti skulu bundin trúnaði og í samræmi við ADAMS.

7.2.2 Við móttöku á afbrigðilegum niðurstöðum skal ákærunefndin sjá um athugun til að ákvarða hvort: (a) gildandi undanþága hafi verið veitt eða verði veitt eins og kveðið er á um í alþjóðlegum reglum um undanþágur í lækningaskyni, eða (b) hvort sé greinilegt frávik frá alþjóðareglum um lyfjapróf og rannsóknir eða alþjóðareglum fyrir rannsóknarstofur sem orsakaði afbrigðilegu niðurstöðuna.

7.3.1 Ef athugun á afbrigðilegri niðurstöðu samkvæmt grein 7.2.2 sýnir ekki gildandi undanþágu eða rétt á undanþágu samkvæmt alþjóðlegum reglum um undanþágur í lækningaskyni eða vik frá alþjóðlegum reglum um lyfjapróf og rannsóknir eða alþjóðlegum reglum um rannsóknarstofur sem leiddu til afbrigðilegra niðurstaðna, ber Lyfjaeftirliti Íslands að tilkynna íþróttamanninum og alþjóðasambandi hans, sérsambandi og WADA með þeim hætti sem lýst er í grein 14.1 um: (a) afbrigðilega niðurstöðu; (b) þá lyfjareglu sem er brotin; (c) rétt íþróttamannsins til að krefjast greiningar á B-sýni eða, ef slík beiðni er ekki lögð fram fyrir tiltekinn tíma, að B-sýnið teljist afsalað; (d) dagsetningu, tíma og stað fyrir greiningu á B-sýni ef íþróttamaðurinn eða Lyfjaeftirlit Íslands kys að krefjast greiningar á B-sýni; (e) tækifæri fyrir íþróttamanninn og/eða fulltrúa íþróttamannsins til að vera viðstaddur opnun á B-sýni og greiningu samkvæmt alþjóðlegum reglum um rannsóknarstofur; og (f) rétt íþróttamannsins til að krefjast afrita af fylgiskjöllum með A og B –sýnum, ásamt upplýsingum eins og kveðið er á um í alþjóðareglum um rannsóknarstofur. Ef ákærunefndin ákveður að leggja afbrigðilegu niðurstöðuna ekki fram sem brot á lyfjareglu, skal það tilkynnt íþróttamanninum, alþjóðasambandi íþróttamannsins, sérsambandi og WADA.

7.3.2 Þar sem íþróttamaðurinn eða ákærunefnd LÍ æskir þess, skal gera ráðstafanir vegna greiningar á B-sýni í samræmi við alþjóðlegu reglurnar um rannsóknarstofur. Íþróttamaðurinn getur samþykkt niðurstöður A-sýnis með því að afsala sér kröfunni um greiningu á B-sýninu. Lyfjaeftirlit Íslands getur þó valið að framkvæma greiningu á B-sýninu.

7.3.4 Ef B-sýnið staðfestir ekki greininguna á A sýninu, telst allt prófið neikvætt og ber að upplýsa íþróttamanninn, alþjóðasamband hans, sérsamband og WADA um það, (nema ákærunefnd LÍ ákveði að halda áfram með málið eins og lyfjamisnotkun samkvæmt grein 2.2.)

7.4.4 Ef athugun leiðir ekki í ljós gildandi undanþágu eða vik frá alþjóðlegum reglum um lyfjapróf og rannsóknir eða alþjóðlegum reglum um rannsóknarstofur sem leiddu til afbrigðilegu niðurstöðunnar, skal ákærunefnd LÍ sjá um nauðsynlega rannsókn eða stuðla að því. Að





rannsókn lokinni verður annað hvort afbrigðileg niðurstaða lögð fram sem jákvæð niðurstaða samkvæmt grein 7.3.1 eða íþróttamanninum, alþjóðasambandi íþróttamannsins, sérsambandi og WADA tilkynnt að afbrigðileg niðurstaðan verði ekki lögð fram sem jákvæð niðurstaða.

7.4.5 Ákærunefnd Lí mun ekki tilkynna um afbrigðilega niðurstöðu fyrr en að rannsókn lokinni og ákveðið hefur verið hvort afbrigðilega niðurstaðan verði lögð fram sem jákvæð, nema önnur af eftirtöldum aðstæðum er fyrir hendi:

7.4.5.1 Ef ákærunefnd Lí úrskurðar að B-sýnið skuli greint áður en niðurstöður rannsóknar liggja fyrir, má framkvæma greiningu á B-sýninu eftir tilkynningu til íþróttamannsins, ásamt lýsingu á afbrigðilegu niðurstöðunni og upplýsingum sem tilgreindar eru í grein 7.3.1 (d)-(f).

7.4.5.2 Ef ákærunefnd Lí fær beiðni frá (a) mótshaldara stórmóts skömmu fyrir alþjóðamót eða (b) frá íþróttasambandi sem ber ábyrgð á að tilnefna liðsmenn fyrir alþjóðamót fyrir ákveðinn tíma, um að upplýsa hvort íþróttamaður á lista mótshaldara eða íþróttasambands eigi óleysta afbrigðilega niðurstöðu, þá skal ákærunefndin upplýsa mótshaldarann eða íþróttasambandið um það eftir að hafa tilkynnt íþróttamanninum um afbrigðilegu niðurstöðuna.

7.5 Skoðun á afbrigðilegum lífskilríkjaniðurstöðum og óeðlilegum lífskilríkjaniðurstöðum

Skoðun á afbrigðilegum lífskilríkjaniðurstöðum og óeðlilegum lífskilríkjaniðurstöðum fer fram eins og kveðið er á um í alþjóðlegum reglum um lyfjapróf og rannsóknir og alþjóðlegum reglum um rannsóknarstöfur. Ef ákærunefnd Lí telur víst að brot á lyfjareglum hafi átt sér stað, ber að tilkynna íþróttamanninum (og um leið alþjóðasambandi íþróttamannsins, sérsambandi hans og WADA) um staðhæft brot á lyfjareglum og forsendur staðhæfingarinnar.

7.6 Skoðun á vanrækslu að upplýsa dvalarstað

Lyfjæftirlit Íslands skoðar mögulega vanrækslu á upplýsingum um dvalarstað og misst lyfjapróf (samkvæmt skilgreingu alþjóðlegra regla um lyfjapróf og rannsóknir) varðandi íþróttamenn sem tilkynna lyfjæftirlitsnefnd um dvalarstað sinn samkvæmt Viðauka I með alþjóðlegum reglum um lyfjapróf og rannsóknir. Telji ákærunefndin að lyfjamisnotkun samkvæmt grein 2.4 hafi átt sér stað, ber að tilkynna íþróttamanninum (og um leið alþjóðasambandi íþróttamannsins, sérsambandi hans og WADA) um staðhæft brot á lyfjareglum samkvæmt grein 2.4 og forsendur staðhæfingarinnar.

7.7 Skoðun á öðrum brotum á lyfjareglum sem greinar 7.2-7.6 ná ekki yfir

Lyfjæftirlit Íslands sér um frekari rannsóknir sem þarf á mögulegum brotum á lyfjareglum sem greinar 7.2-7.6 ná ekki yfir. Telji ákærunefndin að brot á lyfjareglum hafi átt sér stað, ber að tilkynna íþróttamanninum (og um leið alþjóðasambandi íþróttamannsins, sérsambandi hans og WADA) um staðhæft brot á lyfjareglum og forsendur staðhæfingarinnar.

7.8 Auðkenning á fyrri brotum á lyfjareglum

Áður en íþróttamanni eða öðrum aðila er tilkynnt um staðhæft brot á lyfjareglum eins og kveðið er á um hér að ofan, ber ákærunefnd Lí að skoða ADAMS og hafa samband við WADA og önnur viðkomandi lyfjæftirlit til að ákvarða hvort fyrri brot á lyfjareglum séu til staðar.

7.9 Bráðabirgðabann

7.9.1 Lögboðið bráðabirgðabann: Ef greining á A-sýni leiðir til afbrigðilegrar niðurstöðu vegna bannaðs efnis sem er ekki sérstaklega tilgreint efni, eða bannaðrar aðferðar og athugun





samkvæmt grein 7.2.2 leiðir ekki í ljós gildandi undanþágu eða vik frá alþjóðlegum reglum um lyfjapróf og rannsóknir eða alþjóðlegum reglum um rannsóknarstofur sem olli afbrigðilegu niðurstöðunum, skal úrskurða bráðabirgðabann eftir tilkynningu samkvæmt greinum 7.2, 7.3 eða 7.5.

- 7.9.2 Valkvætt bráðabirgðabann: Ef um er að ræða afbrigðilega niðurstöðu vegna sérstaklega tilgreinds efnis eða annars brots á lyfjareglum sem grein 7.9.1 nær ekki yfir, er ákærunefnd LÍ heimilt að úrskurða viðkomandi íþróttamann eða annan einstakling í bráðabirgðabann eftir skoðun og tilkynningu samkvæmt greinum 7.2-7.7 og fyrir endanlega skýrslugjöf eins og lýst er í grein 8.
- 7.9.3.1 Aflétta má bráðabirgðabanni ef íþróttamaðurinn sýnir fram á að brotið hafi líklega tengst mengaðri vöru. Ákvörðun ákærunefndar eða dómstóls að aflétta ekki lögboðnu bráðabirgðabanni vegna staðhæfingar íþróttamanns um mengaða vöru, verður ekki áfrýjað.
- 7.9.3.2 Bráðabirgðabann skal lagt á (eða ekki aflétt) nema íþróttamaðurinn eða hinn aðilinn sýni fram á að: (a) staðhæfingin um brot á lyfjareglum verði tæplega sönnuð t.d. vegna galla á málinu gegn íþróttamanninum eða öðrum einstaklingi; (b) íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur hefur sterk rök fyrir því að hann/hún beri enga sök eða vanrækslu vegna meintra brota á lyfjareglum, svo að keppnisbann sem úrskurðað væri vegna slíks brots yrði líklega ógilt með beitingu greinar 10.4; eða (c) aðrar staðreyndir eru til staðar sem gera það greinilega ósannjarnt við allar aðstæður að leggja á bráðabirgðabann fyrir skýrslugjöf samkvæmt grein 8. Þessi grundvöllur skal túlkaður þröngt og eingöngu við mjög sérstakar aðstæður. Til dæmis, sú staðreynd að bráðabirgðabannið kæmi í veg fyrir þátttöku íþróttamannsins eða hins aðilans í tiltekinni keppni eða móti flokkast ekki undir sérstakar aðstæður hvað þetta varðar.

Í greinum 7.10 og 7.11 eru einnig gerðar breytingar í tengslum við vísan í nefndir LÍ og verða greinarnar:

7.10 Dómur án fyrirtöku

- 7.10.1 Íþróttamaður eða annar einstaklingur sem staðhæft er að brotið hafi lyfjareglur, getur viðurkennt brotið hvenær sem er, afsalað sér skýrslugjöf/dómi og tekið viðurlögunum sem lyfjareglur kveða á um eða (þar sem ákvörðun um viðurlög er til staðar samkvæmt lyfjareglunum) sem ákærunefnd LÍ hefur boðið.
- 7.10.2 Að öðrum kosti, ef íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur sem staðhæft er að hafi brotið lyfjareglur mótmælir ekki þeirri staðhæfingu innan þess tíma sem tiltekinn er í tilkynningu frá ákærunefnd LÍ um brotið, þá telst hann/hún hafa viðurkennt brotið, afsalað sér skýrslugjöf/dómi og samþykkt viðurlögin sem lyfjareglur kveða á um eða (þar sem ákvörðun um viðurlög er til staðar samkvæmt lyfjareglunum) sem ákærunefnd LÍ hefur boðið.
- 7.10.3 Í tilvikum þar sem grein 7.10.1 eða 7.10.2 eiga við, er skýrslugjöf fyrir dómstóli ekki nauðsynlegt. Þess í stað gefur ákærunefnd LÍ strax út skriflega ákvörðun sem staðfestir brot á lyfjareglum ásamt viðurlögum og tilgreinir ástæður fyrir dæmdu keppnisbanni, þar á meðal (ef það á við) rökstuðningi fyrir því af hverju hámarkskeppnisbann var ekki ákveðið. Lyfjaeftirlit Íslands sendir afrit af ákvörðuninni til annarra lyfjaeftirlita með áfrýjunarrétt samkvæmt grein 13.2.3 og birtir opinberlega ákvörðunina samkvæmt grein 14.3.2.





7.11 Tilkynningar um ákvarðanir um meðferð niðurstaðna

Í öllum tilvikum þar sem ákærunevnd LÍ hefur séð um meðferð brots á lyfjareglum, afturkallað staðhæfingu um brot á lyfjareglu, lagt á bráðabirgðabann eða ákveðið með ípróttamanni eða öðrum einstaklingi um viðurlög án skýrslugjafar, ber ákærunevndinni að tilkynna það samkvæmt grein 14.2.1 til annarra lyfjaeftirlita með áfrýjunarrétt samkvæmt grein 13.2.3.

7.12 Keppni hætt í íþrótt

Ef ípróttamaður eða annar einstaklingur hættir keppni meðan meðferð niðurstaðna stendur yfir, hefur ákærunevnd LÍ enn lögsögu til að ljúka niðurstöðuferlinu. Ef ípróttamaður eða annar einstaklingur hættir keppni áður en meðferð niðurstaðna er hafin, þá hefur ákærunevnd LÍ, sem hefði haft lögsögu yfir ípróttamanninum eða öðrum einstaklingi á þeim tíma sem ípróttamaðurinn eða annar einstaklingur braut lyfjareglu, rétt til að láta vinna úr niðurstöðunum.

Í grein 8 eru einnig gerðar breytingar í tengslum við vísan í nefndir LÍ. Hér á eftir eru þær greinar sem taka breytingum en aðrar greinar haldast óbreyttar:

- 8.1.2 Þegar ákærunevnd LÍ sendir ípróttamanni eða öðrum einstakling tilkynningu um meint brot á lyfjareglum og ípróttamaðurinn eða annar einstaklingur afsalar sér ekki skýrslugjöf samkvæmt grein 7.10.1 eða grein 7.10.2, skal vísa málinu til Dómstóls ÍSÍ til skýrslugjafar og úrskurðar. Í slíkum tilvikum skipar formaður Dómstólsins einn eða fleiri fulltrúa Dómstólsins (og má formaður vera einn þeirra) til að taka málið fyrir og úrskurða. Þeir sem þannig eru skipaðir mega ekki hafa komið áður að málinu. Við skipun ber fulltrúum að upplýsa formann um aðstæður sem gætu líklega haft áhrif á hlutleysi þeirra gagnvart málsaðilum.
- 8.2.3 WADA og íþróttasamband ípróttamannsins eða annars einstaklings má hafa áheyrnarfulltrúa við skýrslugjöf. Lyfjaeftirlit Íslands upplýsir WADA annars ítarlega um stöðu óafgreiddra mála og niðurstöður allra skýrslugjafa.
- 8.3.2 Ákærunevnd LÍ sendir ípróttamanninum eða öðrum einstaklingi úrskurðinn, einnig til sérsambands hans/hennar og til lyfjaeftirlita með áfrýjunarrétt samkvæmt grein 13.2.3.
- 8.3.3 Heimilt er að áfrýja úrskurði eins og kveðið er á um í grein 13. Ef úrskurði er ekki áfrýjað, þá (a) ef úrskurðað er að um brot á lyfjareglu sé að ræða, ber að birta úrskurðinn opinberlega eins og kveðið er á um í grein 14.3.2; en (b) ef úrskurðað er að ekki sé um brot á lyfjareglu að ræða, skal eingöngu birta úrskurðinn að fengnu samþykki ípróttamannsins eða aðilans sem úrskurðurinn varðar. Ákærunevnd LÍ skal kappkosta að fá slíkt samþykki og að því fengnu birta úrskurðinn í heild eða í styttri útgáfu sem ípróttamaðurinn eða hinn aðilinn samþykkja. Meginreglur greinar 14.3.6 skulu gilda ef viðkomandi er ólögráða.

8.4 Ein skýrslugjöf fyrir CAS

Mál varðandi meint brot ípróttamanna á alþjóðastigi eða landsstigi á lyfjareglum er heimilt að taka beint fyrir hjá CAS, án kröfu um fyrri skýrslugjöf, með samþykki ípróttamannsins, ákærunevndar LÍ, WADA og annars lyfjaeftirlits sem hefði haft áfrýjunarrétt til CAS á fyrsta stigi.





Í greinum 10.2.1.2 og 10.6.1 eru einnig gerðar breytingar í tengslum við vísan í nefndir LÍ og verða þær greinar sem breytast eftirfarandi:

- 10.2.1.2 Brotið felur í sér sérstaklega tilgreint efni en ákærunevnd LÍ getur staðfest að brotið hafi verið að yfirlögðu ráði.
- 10.6.1.1 Ákærunevnd LÍ sem ber ábyrgð á meðferð niðurstaðna við lyfjamisnotkun má, fyrir lokaáfrýjunarúrskurð samkvæmt grein 13 eða áður en áfrýjunarfrestur rennur út, fresta hluta óhlutgengis í einstöku tilfelli, þar sem ákærunevnd fer með meðferð niðurstaðna, ef íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur hefur veitt lyfjaeftirliti umtalsverða aðstoð eða lögreglu eða agadómstól sem leiðir til þess að: (i) lyfjaeftirlitið uppgötvar eða sýnir fram á lyfjamisnotkun af hálfu annars einstaklings s eða (ii) sem leiðir til uppgötvunar lögreglu eða agadómstól og sýnt er fram á afbrot eða brot á faglegum reglum af hálfu annars einstaklings og upplýsingar aðilans sem veitir umtalsverða aðstoð eru tiltækar fyrir ákærunevnd LÍ. Eftir lokaáfrýjunarúrskurð samkvæmt grein 13 eða áfrýjunarfrestur er útrunnin, má ákærunevnd LÍ aðeins fresta hluta af gildandi óhlutgengi með samþykki WADA og alþjóðasársabands. Frestun á annars gildandi óhlutgengi skal byggjast á alvarleika brotsins á lyfjareglunum af hálfu íþróttamannsins eða annars einstaklings og mikilvægi þeirrar umtalsverðu aðstoðar sem íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur veitti til að útrýma lyfjamisnotkun í íþróttum. Ekki má fresta meira en $\frac{3}{4}$ af annars gildandi lengd óhlutgengis. Ef gildandi óhlutgengi er til lífstíðar, má óhlutgengið ekki vera styttra en átta ár. Ef íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur er ósamvinnuþýður og veitir ekki ítarlega og trúverðuga aðstoð sem frestun á óhlutgengi byggðist á, skal ákærunevndin endurskipa upphaflega óhlutgengistímabilið. Ef ákærunevndin endurskipar óhlutgengistímabil eða ákveður að endurskipa ekki frestað tímabil óhlutgengis, má íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur áfrýja endurskipuninni í samræmi við grein 13.
- 10.6.1.2 Til að hvetja íþróttamenn og aðra einstaklinga til að veita lyfjaeftirlitum umtalsverða aðstoð að beiðni ákærunevndar LÍ eða að beiðni íþróttamanns eða annars einstaklings sem hefur, eða er talinn hafa brotið lyfjareglu, getur WADA samþykkt hvenær sem er í meðferðarferli niðurstaðna, þar á meðal eftir lokaáfrýjunarúrskurð samkvæmt grein 13, það sem telst viðeigandi frestun á annars viðeigandi tímabili óhlutgengis og öðrum viðurlögum. Við sérstakar aðstæður er WADA heimilt að samþykkja frestun á óhlutgengistíma og öðrum viðurlögum gegn umtalsverðri aðstoð sem er meiri en þessi grein kveður annars á um, eða jafnvel engan óhlutgengistíma og/eða engin skil á verðlaunafé eða greiðslu sektar eða kostnaðar. Samþykki WADA er með fyrirvara um endurskipun viðurlaga sem annars er kveðið á um í þessari grein. Þrátt fyrir grein 13 geta önnur lyfjaeftirlit ekki áfrýjað úrskurðum WADA samkvæmt þessari grein.
- 10.6.1.3 Ef ákærunevnd LÍ frestar hluta af viðeigandi viðurlögum vegna umtalsverðrar aðstoðar, þá ber að tilkynna rökstuðning þar að lútandi til annarra lyfjaeftirlita með áfrýjunarrétt samkvæmt grein 13.2.3 eins og kveðið er á um í grein 14.2. Við einstakar aðstæður þar sem WADA úrskurðar að það þjóni hagsmunum lyfjaeftirlits er WADA heimilt að heimila ákærunevndinni að gera trúnaðarsamkomulag sem takmarka eða tefja upplýsingu um samning um umtalsverða aðstoð eða eðli hennar.
- 10.6.3 Viðurkenning á broti á lyfjareglu eftir ásökun um refsivert brot samkvæmt grein 10.2.1 eða 10.3.1.





Íþróttamaður eða annar einstaklingur sem gæti fengið fjögurra ára bann samkvæmt grein 10.2.1 eða 10.3.1 (Koma sér hjá eða neita sýnatöku eða falsa sýni) getur með því að játa staðhæft brot á lyfjareglum eftir ásökun ákærunefndar LÍ auk samþykkis og samráðs WADA og ákærunefndar, fengið styttingu á óhlotgengitíma í að lágmarki tvö ár miðað við alvarleika brotsins og sektarstig íþróttamannsins eða annars einstaklings.

Í greinum 10.7.4.1 og 10.7.4.2 eru einnig gerðar breytingar í tengslum við vísan í nefndir LÍ og verða þær greinar eftirfarandi:

- 10.7.4.1 Vegna beitingu refsinga samkvæmt grein 10.7 telst lyfjamisnotkun einungis annað brot ef ákærunefnd LÍ getur sýnt fram á að íþróttamaðurinn eða annar aðili framdi seinna brotið eftir að íþróttamaðurinn eða aðilinn fékk tilkynningu samkvæmt grein 7 eða eftir að ákærunefnd LÍ gerði sanngjarna tilraun til að tilkynna um fyrsta brotið. Ef ákærunefnd LÍ getur ekki staðfest þetta, skulu brotin bæði teljast sem eitt fyrsta brot og refsingin skal byggjast á alvarlegra brotinu.
- 10.7.4.2 Ef ákærunefnd LÍ uppgötvar eftir ákvörðun refsingar fyrir fyrsta brotið, staðreyndir sem fela í sér brot á lyfjareglu af hálfu íþróttamannsins eða annars aðila sem átti sér stað fyrir tilkynningu um fyrsta brotið, þá skal ákærunefnd LÍ leggja á viðbótarrefsingu byggða á þeirri refsingu sem hefði verið lögð á ef brotin hefðu bæði verið dæmd á sama tíma. Úrslit í öllum keppnum aftur til fyrri lyfjamisnotkunar verða dæmd ógild eins og kveðið er á um í grein 10.8.

Í greinum 10.9, 10.10, 10.11.3.2 og 10.12.3 eru einnig gerðar breytingar í tengslum við vísan í nefndir LÍ og verða þær greinar eftirfarandi:

10.9 Úthlutun CAS-kostnaðar og fyrirgerðs verðlaunafjár

Forgangur á endurgreiðslu kostnaðar CAS og fyrirgerðs verðlaunafjár skal vera: Í fyrsta lagi, greiðsla kostnaðar CAS; í öðru lagi endurúthlutun verðlaunafjár til annarra íþróttamanna ef kveðið er á um slíkt í reglum viðkomandi alþjóðasamband; og í þriðja lagi, endurgreiðsla kostnaðar ákærunefndar LÍ.

10.10 Fjárhagsleg viðurlög

Ef íþróttamaður eða annar aðili brýtur lyfjareglu, er ákærunefnd LÍ heimilt og með fyrirvara um meðalhófsregluna að ákveða að a) endurheimta frá íþróttamanninum eða öðrum brotlegum einstaklingi kostnað vegna brotsins á lyfjareglunni án tillits til dæmnds óhlotgengis og/eða b) sekta íþróttamanninn eða annan brotlegan einstakling um allt að 100.000 ISK, eingöngu í þeim tilvikum þar sem hámarksviðurlögum hefur þegar verið beitt.

Beiting sekta eða endurheimt ákærunefndar LÍ á kostnaði telst ekki grundvöllur fyrir styttingu á óhlotgengi eða öðrum viðurlögum sem annars mætti beita samkvæmt þessum lyfjareglum eða lyfjalögum.

- 10.11.3.2 Ef íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur sættir sig við skriflegt bráðabirgðabann frá ákærunefnd LÍ og virðir bráðabirgðabannið, skal þetta tímabil metið til frádráttar frá því óhlotgengi sem kann síðar að verða dæmt. Eintak af sjálfviljugri viðurkenningu íþróttamannsins eða annars einstaklings á bráðabirgðabanninu skal tafarlaust veitt





hverjum þeim aðila sem hefur rétt á að fá tilkynningu um hugsanlegt brot á lögnum samkvæmt grein 14.1.

10.12.3 Brot á þáttökubanni á óhlutgengistíma.

Þar sem íþróttamaður eða annar einstaklingur sem dæmdur hefur verið óhlutgengur, brýtur þáttökubann á óhlutgengistímanum sem lýst er í grein 10.12.1, skal árangur af slíkri þátttöku ógildur og nýtt tímabil óhlutgengis, jafn langt og hið upphaflega, bætast við upphaflega óhlutgengistímabilið. Nýtt tímabil óhlutgengis má stytta miðað við sektarstig íþróttamannsins eða aðilans og önnur málsatvik.

Ákvörðun um hvort íþróttamaður eða annar aðili hafi brotið gegn þáttökubanni og hvort stytting sé við hæfi, er á valdi þess lyfjaeftirlits er lagði til upphaflega dæmdan óhlutgengistíma. Þessari ákvörðun má áfrýja samkvæmt grein 13.

Ef aðstoðarfólk íþróttamanns eða annar aðili veitir aðstoð við brot á þáttökubanninu á óhlutgengistímanum, má ákærunefnd LÍ beita viðkomandi viðurlögum samkvæmt brotum á grein 2.9.

Í greinum 12.1, 13.1 og 13.2 eru einnig gerðar breytingar í tengslum við vísan í nefndir LÍ og dómstóla og verða þær greinar sem taka breytingum eftirfarandi. Aðrar greinar haldast óbreyttar:

12.1 Ákærunefnd LÍ hefur vald til að fara þess á leit við viðeigandi stjórnvöld að halda eftir fjárstuðningi að hluta eða í heild sinni eða öðrum stuðningi við sérsambönd sem fylgja ekki þessum lyfjareglum.

13.1 Ákvarðanir sem má áfrýja

Ákvörðunum sem byggðar eru á lyfjareglum þessum má áfrýja eins og lýst er í grein 13.2 til 13.7 eða eins og kveðið er á um í þessum lyfjareglum, lyfjalögnum eða alþjóðareglum. Slíkar ákvarðanir eru áfram í gildi meðan á áfrýjun stendur nema áfrýjunardómstóllinn ákveði annað.

Áður en áfrýjun er hafin, verður að láta reyna til þrautar á endurskoðun eftir úrskurð eins og kveðið er á um í reglum ákærunefndarinnar að því tilskildu að slík athugun sé samkvæmt meginreglum sem lýst er í grein 13.2.2 hér að neðan (að því frátöldu sem kveðið er á um í grein 13.1.1.)

13.1.3 WADA er ekki skylt að fullreyna innri úrræði.

Ef Alþjóðalyfjaeftirlitið hefur rétt til að áfrýja samkvæmt grein 13 og enginn annar aðili hefur áfrýjað lokaúrskurði í ferli dómstólsins, má Alþjóðalyfjaeftirlitið áfrýja slíkum úrskurði beint til CAS án þess að fullreyna önnur úrræði í ferlinu.

13.2 Áfrýjanir úrskurða varðandi brot á lögum þessum, afleiðingar og tímabundinn brottrekstur, viðurkenning úrskurða og lögsaga

Úrskurður um brot á lyfjareglu, úrskurður sem leiðir til viðurlaga eða ekki viðurlaga vegna brots á lyfjareglu, eða úrskurður um að lyfjareglur hafi ekki verið brotnar, úrskurður um að meðferð á broti á lyfjareglu geti ekki haldið áfram af verklagsregluástandum (þar á meðal, til dæmis, lyfseðill); úrskurður WADA að veita ekki undanþágu frá kröfu um sex mánaða fyrirvara á tilkynningu íþróttamanns að snúa aftur til keppni samkvæmt grein 5.7.1; úrskurður WADA um framsal á meðferð niðurstaðna samkvæmt grein 7.1 í lyfjalögnum; úrskurður ákærunefndar LÍ að leggja ekki fram óeðlilega niðurstöðu eða ódæmigerða niðurstöðu sem brot á lyfjareglum eða úrskurður um að fylgja ekki eftir broti á lyfjareglu





eftir rannsókn samkvæmt grein 7.7; úrskurður um bráðabirgðabann eftir bráðabirgðaskýrslugjöf; vanefndir ákæruneftndar að hlíta grein 7.9; úrskurður um að ákæruneftnd skortir vald til að úrskurða um meint brot á lyfjareglum eða viðurlög við því; úrskurður um að fresta eða fresta ekki óhlutgengtímabili eða afturkalla, eða ekki að afturkalla, frestun á óhlutgengi samkvæmt grein 10.6.1; úrskurður samkvæmt grein 10.12.3; og úrskurður ákæruneftndar að viðurkenna ekki ákvörðun annars lyfjaeftirlits samkvæmt grein 15, getur sætt einhliða áfrýjun eins og kveðið er á um í greinum 13.2 – 13.7.

- 13.2.2.1.5 Ákæruneftnd er heimilt að vera með í málsmeðferðinni og vera við skýrslugjöf fyrir Áfrýjunardómstólnum sem málsaðili.
- 13.2.2.3.2 Ákæruneftnd Lí birtir úrskurðinn íþróttamanninum eða öðrum einstakling, sérsambandi viðkomandi og lyfjaeftirlitum með áfrýjunarrétt samkvæmt grein 13.2.3.
- 13.2.2.3.3 Úrskurði má áfrýja samkvæmt grein 13.2.3. Ef úrskurði er ekki áfrýjað þá (a) ef úrskurði er að brot á lyfjareglum hafi átt sér stað, skal birta úrskurðinn opinberlega samkvæmt ákvæðum greinar 14.3.2; en (b) ef úrskurði er að brot á lyfjareglum hafi ekki átt sér stað, þá skal eingöngu birta úrskurðinn opinberlega með samþykki íþróttamannsins eða hins aðilans sem úrskurðurinn varðar. Ákæruneftnd skal kappkosta að fá slíkt samþykki og ef það fæst, ber að birta úrskurðinn í heild eða í því stytta formi sem íþróttamaðurinn eða hinn aðilinn samþykkja.

13.2.3 Aðilar með áfrýjunarrétt.

Í málum sem heyra undir grein 13.2.1, hafa eftirtaldir aðilar rétt á að áfrýja til CAS:

- a) Íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur sem er aðili hins áfrýjaða úrskurðar;
- b) hinn aðilinn í málinu sem ákvörðunin nær til;
- c) viðkomandi alþjóðasérsamband;
- d) ákæruneftnd Lí og (ef annað) lyfjaeftirlit lands eða landa einstaklingsins þar sem einstaklingurinn er ríkisborgari eða leyfishafi;
- e) Alþjóðaólympíuneftndin eða Alþjóða-Ólympíuhreyfing fatlaðra, eftir því hvað á við, þar sem úrskurðurinn kann að hafa áhrif á Ólympíuleikana eða Ólympíumót fatlaðra, þar á meðal úrskurðir sem hafa áhrif á keppnisrétt á Ólympíuleikum eða Ólympíumóti fatlaðra, og
- f) Alþjóðalyfjaeftirlitið.

Í málum sem heyra undir grein 13.2.2 hafa eftirtaldir aðilar áfrýjunarrétt:

- a) Íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur sem sætir ákvörðuninni sem er áfrýjað;
- b) hinn aðilinn í málinu sem ákvörðunin nær til;
- c) viðkomandi alþjóðasamband;
- d) ákæruneftnd Lí og (ef annað) lyfjaeftirlit lands viðkomandi íþróttamanns;
- e) Alþjóða Ólympíuneftndin eða Alþjóðaólympíuneftnd fatlaðra, eins og við á, þar sem úrskurðurinn kann að hafa áhrif á Ólympíuleika eða Ólympíumót fatlaðra varðandi ákvarðanir um hlutgengi á téða leika; og
- f) Alþjóðalyfjaeftirlitið.

Hvað varðar mál samkvæmt grein 13.2.2 hefur Alþjóðalyfjaeftirlitið, Alþjóða Ólympíuneftndin, Alþjóða Ólympíuneftnd fatlaðra og viðkomandi alþjóðasamband einnig rétt til að áfrýja til CAS dómi





áfrýjunardómstóls lands viðkomandi íþróttamanns. Aðili sem áfrýjar á rétt á aðstoð frá CAS til að fá allar viðkomandi upplýsingar frá viðkomandi lyfjaeftirlit, hvers úrskurði er áfrýjað, og upplýsingarnar skulu veittar ef CAS fyrirskipar það.

Þrátt fyrir önnur ákvæði þessara reglna, er íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur sá eini sem má áfrýja bráðabirgðabanni, sem hann eða hún sætir.

Í greinum 14.2.1, 14.3.1, 14.3.2, 14.3.3 og 14.4 eru einnig gerðar breytingar í tengslum við vísan í nefndir LÍ og verða þær greinar sem taka breytingum eftirfarandi. Aðrar greinar haldast óbreyttar:

14.2.1 Úrskurðir um brot á lyfjareglum samkvæmt grein 7.11, 8.3, 10.5, 10.6, 10.12.3, eða 13.5 skulu innihalda ítarlegar ástæður fyrir úrskurðinum, þar á meðal, ef það á við, rökstuðning fyrir því af hverju hámarksviðurlögum var ekki beitt. Ef úrskurður er ekki á ensku eða frönsku ber ákæruneftnd LÍ að leggja fram stutta samantekt á ensku eða frönsku um úrskurðinn og röksemdir hans.

14.3.1 Auðkenni íþróttamanns eða annars einstaklings sem ákæruneftnd staðhæfir að hafi brotið lyfjareglur er eingöngu heimilt að birta opinberlega eftir tilkynningu til íþróttamannsins eða annars einstaklings samkvæmt grein 7.3, 7.4, 7.5, 7.6, eða 7.7 og samtímis til WADA og alþjóðasambands íþróttamannsins eða annars einstaklings samkvæmt grein 14.1.2.

14.3.2 Eigi síðar en tuttugu dögum eftir að ákveðið hefur verið í endanlegum áfrýjunarúrskurði samkvæmt grein 13.2.1 eða 13.2.2 eða fallið hefur verið frá slíkri áfrýjun eða skýrslugjöf samkvæmt grein 8 eða staðhæfingu um lyfjabrot hefur ekki verið mótmælt í tæka tíð ber ákæruneftnd að birta stöðu málsins, þar á meðal íþróttina, brotnu regluna, nafn íþróttamannsins eða annars einstaklings sem telst brotlegur, bannaða efnið eða bönnuðu aðferðina (ef einhver) og dæmd viðurlög. Ákæruneftnd verður einnig að birta innan tuttugu daga niðurstöðu endanlegs áfrýjaðs úrskurðar varðandi brot á lyfjareglu ásamt ofangreindum upplýsingum.

14.3.3 Í öllum málum þar sem úrskurðað er eftir skýrslugjöf eða áfrýjun að íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur hafi ekki brotið lyfjareglu, er heimilt að birta úrskurðinn opinberlega með samþykki íþróttamannsins eða annars einstaklings sem úrskurðurinn varðar. Ákæruneftnd skal kappkosta að fá slíkt samþykki og ef það fæst, ber að birta úrskurðinn í heild eða í því stytta formi sem íþróttamaðurinn eða annar einstaklingur samþykkja.

14.4 Tölfræðiskýrslur

Lyfjaeftirlit Íslands skal birta minnst árlega almennar tölur um lyfjaeftirlitstengda starfsemi sína ásamt eintaki til WADA. Lyfjaeftirlit Íslands má einnig birta skýrslur sem sýna nafn prófaðra íþróttamanna og dagsetningu lyfjaprófs.

Í greinum 15, 18, 20.2, 22.1.5 og 22.2.4, eru einnig gerðar breytingar í tengslum við vísan í nefndir LÍ og verða þær greinar sem taka breytingum eftirfarandi. Aðrar greinar haldast óbreyttar:

15.1 Með fyrirvara um áfrýjunarrétt samkvæmt grein 13 skulu lyfjapróf og niðurstöður skýrslugjafar eða annar lokaúrskurður undirritunaraðila samkvæmt Alþjóðalyfjareglunum og er innan





valdsviðs viðkomandi undirritunaraðila, gilda um allan heim og vera viðurkenndar og virtar af ákæruneftnd og öllum sérsamböndum ÍSí.

- 15.2 Ákæruneftnd og öll sérsambönd skulu viðurkenna sömu ráðstafanir annarra aðila sem hafa ekki samþykkt Alþjóðalyfjareglurnar ef reglur viðkomandi aðila eru að öðru leyti í samræmi við Alþjóðalyfjareglurnar.
- 15.3 Með fyrirvara um áfrýjunarrétt samkvæmt grein 13, skulu sambandsaðilar ÍSí samþykkja niðurstöðu ákæruneftndar og Íþróttadómstóls ÍSí vegna brota á Lögum ÍSí um lyfjamál. Sambandsaðilar skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja dómum.

Grein 18 Skýrslur ákæruneftndar til WADA

Ákæruneftnd upplýsir WADA um fylgni við lyfjalög samkvæmt grein 23.5.2 í Alþjóðalyfjareglunum.

- 20.2 Ákæruneftnd LÍ ber ábyrgð á þróun og breytingum á lögum þessum, þar á meðal að framfylgja öllum breytingum á Alþjóðalyfjareglunum.
- 22.1.5 Upplýsa alþjóðasamband sitt og Lyfjaeftirlit Íslands um alla úrskurði annarra aðila en undirritunaraðila þess efnis að íþróttamaðurinn hafi brotið lyfjareglur á undanförunum tíu árum.
- 22.2.4 Upplýsa alþjóðasamband sitt og Lyfjaeftirlit Íslands um úrskurð annars aðila en undirritunaraðila þess efnis að hann/hún hafi brotið lyfjareglur á undanförunum tíu árum.

Í viðauka 1 – Skilgreiningar eru einnig gerðar breytingar. Taka eftirfarandi skilgreiningar breytingum:

Íþróttamaður. Sérhver einstaklingur sem keppir í íþrótt á alþjóðlegu stigi (eins og hvert alþjóðasérsamband skilgreinir hana) eða landsstigi (samkvæmt skilgreiningu Lyfjaeftirlits Íslands). Lyfjaeftirlit getur ákveðið að láta lyfjareglur gilda um íþróttamann sem er hvorki á alþjóðastigi né landsstigi og færa þannig viðkomandi undir þessa skilgreiningu. Í tengslum við íþróttamenn sem eru hvorki á alþjóðastigi né landsstigi, getur lyfjaeftirlit valið að: láta fara fram takmarkað lyfjapróf eða ekkert próf; leita að takmörkuðum fjölda bannaðra efna í sýni; krefjast takmarkaðra eða engra upplýsinga um dvalarstað; eða gera ekki kröfu um undanþágu fyrirfram. En ef íþróttamaður sem keppir neðar en alþjóðastig eða landsstig undir valdsviði lyfjaeftirlits, brýtur grein 2.1, 2.3 eða 2.5, verður að beita viðurlögum lyfjalaga (að undanskilinni grein 14.3.2).

Að því er varðar grein 2.8 og grein 2.9 og upplýsingar um lyfjamisnotkun og fræðslu, telst sérhver einstaklingur íþróttamaður sem tekur þátt í íþrótt sem heyrir undir valdsvið undirritunaraðila, stjórnvalda eða annarra íþróttastofnana sem samþykkja Alþjóðalyfjareglurnar.

Lyfjaeftirlitsneftnd LÍ. Neftnd á vegum Lyfjaeftirlits Íslands sem hefur með höndum skipulag og framkvæmd lyfjaprófa. Lyfjaeftirlitsneftnd LÍ heldur utanum skráðan lyfjaeftirlitshóp. Neftndin hefur umsjón með þjálfun lyfjaeftirlitsaðila og fræðslu um málaflokkinn.

Ákæruneftnd LÍ. Neftnd á vegum Lyfjaeftirlits Íslands sem hefur ákærvald vegna brota á Lögum ÍSí um lyfjamál á höndum sér.





Íþróttamaður á landsstigi.: Íþróttamenn sem eru flokkaðir samkvæmt skilgreiningu viðkomandi lyfjaeftirlits í samræmi við alþjóðlegar reglur um lyfjapróf og rannsóknir. Á Íslandi gildir skilgreiningin í grein 1.4.

Í viðauka 1 – Skilgreiningar er einnig bætt við nýrri skilgreiningu:

Undanþágunefnd LÍ: Nefndin hefur heimild til þess að veita íþróttamönnum undanþágur til notkunar efna á bannlista WADA í lækningaskyni í samræmi við undanþáguákvæði lyfjareglna WADA.

